



Svæðisskipulag Vestfjarða

2025 - 2050

VINNSLUTILLAGA

*Afgreidd til kynningar á 18. fundi
svæðisskipulagsnefndar 26. maí 2025*

Vinna áhættugreiningar

Unnið fyrir:

Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða og
Fjórðungssamband Vestfirðinga

Unnið af:

VSO RÁDGJÖF

Borgartúni 20, 105 Reykjavík
www.vso.is

ûrbana

Lækjartorgi 5, 101 Reykjavík
www.urbana.is



Efnisyfirlit

| | |
|---|-----------|
| Drög að svæðisskipulagi – tillaga á vinnslustigi | 4 |
| 1 Inngangur | 5 |
| 1.1 Hlutverk og viðfangsefni | 5 |
| 1.2 Tengsl við aðrar áætlanir | 5 |
| 1.3 Uppbygging svæðisskipulags | 6 |
| 1.4 Gerð svæðisskipulags | 6 |
| 2 Framtíðarsýn og áskoranir | 7 |
| 2.1 Helstu áskoranir | 8 |
| 3 Náttúra og auðlindir | 9 |
| 3.1 Landslag og víðerni | 10 |
| 3.2 Vistkerfi og verndarsvæði – náttúruvernd og sjálfbær nýting | 13 |
| 3.3 Loftslag, náttúrvá og úrgangsmál | 16 |
| 3.4 Orkuöflun og jarðhitanýting | 20 |
| 4 Grunnkerfi | 23 |
| 4.1 Byggðamynstur | 24 |
| 4.2 Samgöngur | 27 |
| 4.3 Orkuflutningur og fjarskipti | 33 |
| 5 Samfélagsauður | 36 |
| 5.1 Samfélagsþróun og samstarf | 37 |
| 5.2 Lýðheilsa og heilbrigðispjónusta | 40 |
| 5.3 Þekking og færni | 43 |
| 6 Atvinna og nýsköpun | 46 |
| 6.1 Samstarf um öflugt atvinnulíf | 47 |
| 6.2 Nýsköpun og virðisaukning | 50 |



| | | |
|----------|---|-----------|
| 6.3 | Sjálfbærni og hringrásarhagkerfið | 54 |
| 6.4 | Ferðapjónusta á grunni gæða, sérstöðu og sjálfbærni | 57 |
| 7 | Menningaráuður | 61 |
| 7.1 | Drífandi menningarsamfélag | 62 |
| 7.2 | Skapandi fólk | 65 |
| 7.3 | Öflugt menningarstarf | 68 |
| 8 | Framfylgd | 71 |
| 8.1 | Samstarf og innleiðing | 71 |
| 8.2 | Endurskoðun | 71 |
| 9 | Umhverfismat | 72 |



Drög að svæðisskipulagi – tillaga á vinnslustigi

Lögð eru fram til kynningar og umræðu drög að tillögu að svæðisskipulagi Vestfjarða 2050 sem er á vinnslustigi sbr. 2. mgr. 23. gr. skipulagslaga 123/2010. Markmiðið er að tryggja að svæðisskipulagið sé unnið á gagnsæjan hátt og veita íbúum og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að kynna sér hugmyndir svæðisskipulagsnefndarinnar meðan tillagan er í móttun og möguleika á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri áður en lokatillaga verður auglýst.

Vinnslutilлага svæðisskipulagsins er því verk í vinnslu og ber þess merki. Uppsetning er einföld og stefnuákvæðin mislangt komin. Með því að opna tillöguna á þessu stigi er markmiðið að nýta sjónarmið og ábendingar frá samfélaginu til að móta sterkara og skýrara skipulag, í þágu íbúa og framtíðarsýnar Vestfjarða.

Svæðisskipulagsnefnd mun vinna úr þeim ábendingum sem berast að loknum kynningartíma í ágúst. Þá verður einnig unnið að myndrænni framsetningu svæðisskipulagsins. Stefnt er að því að auglýsa lokatillögu að svæðisskipulagi Vestfjarða haustið 2025 og að það taki gildi á vormánuðum 2026.



1 Inngangur

Ákvörðun um að vinna svæðisskipulag fyrir Vestfirði byggir á ályktun nr. 67 frá Fjórðungsþingi Vestfirðinga sem haldið var á Patreksfirði 8.-10. september 2022 og beinir þeim tilmælum til stjórnar Fjórðungssambandsins að láta hefja vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir Vestfirði hið fyrsta. Segir í ályktuninni að:

„*Svæðisskipulagið marki meginstefnu og langtímaframtíðarsýn í umhverfis- og byggðamálum Vestfjarða, þar sem hagsmunir sveitarfélaganna fari saman til að stuðla að uppbyggingu Vestfjarða sem landfræðilegri, hagrænni og félagslegri heild sem styrkir byggðaþróun á Vestfjörðum til framtíðar.*“

Skipulagssvæðið tekur til alls lands aðildarsveitarfélaga Fjórðungssambands Vestfirðinga, frá Brekkúá í Gilsfirði að vestan og austur að Stikuhálsi milli Bitru og Hrútafjarðar. Viðmiðunartími svæðisskipulags verður 25 ár og nær yfir tímabilið 2025-2050.

Vinna við móton svæðisskipulags hófst með skipun svæðisskipulagsnefndar haustið 2023 og stefnt er á að ljúka gerð svæðisskipulags í byrjun árs 2026.

1.1 Hlutverk og viðfangsefni

Síðustu ár hefur kraftur verið settur í að bæta samkeppnishæfni Vestfjarða sem hefur snúið mannfjöldaþróun fjórðungsins til fjölgunar. Áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu innviða, sem birtist meðal annars í mikilli umbreytingu í samgöngumálum og nýsköpun sem byggir á styrkleikum svæðisins. Markmiðið með svæðisskipulaginu er að sveitarfélögini móti sameiginlega sýn um vöxt Vestfjarða til ársins 2050 og stilli saman strengi til að takast betur á við þau verkefni sem fylgja aukinni eftirsókn til búsetu, starfa og heimsókna.

Svæðisskipulagi Vestfjarða er ætlað að vera hreyfiafl framfara og sameiginlegt verkfæri sveitarfélaganna og landshlutans í samskiptum sín á

milli, við ríkið, stofnanir þess og aðra aðila. Svæðisskipulagið verður verkfæri sem styrkir stöðu Vestfjarða sem farvegur sameiginlegra hagsmuna Vestfirðinga.

Svæðisskipulag Vestfjarða vinnur að þessu markmiði með því að samstilla stefnu sveitarfélaganna á sviði náttúru og auðlinda, grunnkerfa, samfélagsauðs, atvinnulífs og menningarauðs. Í vinnslutillegu hefur verið sett fram stefna um nokkur viðfangsefni á hverju sviði út frá:

- Svæðisbundnum málum sem hafa verið til umfjöllunar í sóknaráætlun, áfangastaðaáætlun, úrgangsáætlun og loftslagsáætlun og öðrum áætlunum sem mótaðar hafa verið á vettvangi Fjórðungssambands Vestfirðinga undanfarin ár.
- Einnig hefur verið litið til samræmingar við Svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, Strandsvæðaskipulag Vestfjarða, Landlagsskipulagsstefnu 2024 – 2038 og stefnuskjala á landsvísu í einstaka málaflokkum.

1.2 Tengsl við aðrar áætlanir


Það er vilji sveitarfélaganna að svæðisskipulagið verði það stefnuskjal sem móti framtíðarsýn fyrir skipulag sveitarfélaganna og allar aðrar sameiginlegar áætlanir landshlutans. Hlutverk þeirra áætlana verði að hlutgera framtíðarsýn svæðisskipulagsins.

Svæðisskipulag er stefnumarkandi áætlun sem framfylgt verður með skipulagsáætlunum sveitarfélaganna á Vestfjörðum.

Með svæðisskipulagi verður einnig til sameiginleg sýn, leiðarljós, markmið og aðgerðir sem leggja grunn fyrir stefnur og áætlanir Fjórðungssambandsins og Vestfjarðastofu. Þar er helst að nefna sóknaráætlun, áfangastaðaáætlun,



úrgangsáætlun, innviðaáætlun, menntastefnu og menningarstefnu. Þær stefnur og áætlanir horfa til skemmið tíma og því hægt að beita þeim til að forgangsraða markmiðum svæðisskipulagsins á hverjum tíma.



1.3 Uppbygging svæðisskipulags

Þessi kafli skýrir frá tilurð og tilgangi svæðisskipulagsins auk þess sem ferlinu verður lýst.

Í öðrum kafla er sett fram heildstæð framtíðarsýn fyrir Vestfirði til ársins 2050 þar sem horft er til framtíðarvaxtar og þróunar fjórðungsins í heild og dregnar upp helstu áskoranir.

Í þriðja til sjóunda kafla er sett fram stefna fyrir fimm málasvið sem eru: náttúra og auðlindir, grunnkerfi, samfélagsauður, atvinnulíf og nýsköpun og menningarauður. Sett er fram leiðarljós fyrir hvert málasvið ásamt yfirlýsingum um hvernig unnið verður að því í ákveðnum málaflokkum. Hver málaflokkur hefur svo sín markmið og aðgerðir ásamt skýringum við stefnuna.

Áttundi kafli leggur línur fyrir framfylgd og í þeim níunda er samantekt um umhverfismat svæðisskipulagsins.

1.4 Gerð svæðisskipulags

Lögð hefur verið áhersla á að samþætta upplýsingaöflun og vinnu við endurskoðun sóknaráætlunar fyrir Vestfirði við verkþætti svæðisskipulagsins og ná fram sameiginlegum sjónarmiðum er varða stöðumat, framtíðarsýn, málaflokkur og setningu markmiða.

Lýsing svæðisskipulags og drög að sóknaráætlun voru kynnt sameiginlega á fjórum opnum íbúafundum á þremur svæðum Vestfjarða vorið 2024. Á íbúafundunum var unnið með ólíka valkostir samfélagsþróunar næstu 25 árin sem byggðu í grunninn á mannfjöldabréoun. Valkostirnir voru settir fram sem fimm ólíkar framtíðarmyndir. Markmiðið, auk samtalsins um framtíðina, var að skerpa fókusinn og setja viðmið fyrir stefnumótun svæðisskipulags Vestfjarða. Ferlinu lauk á Fjórðungsþingi haustið 2024, með vali á framtíðarmynd sem viðmið við mótu svæðisskipulags Vestfjarða.



2 Framtíðarsýn og áskoranir

Svæðisskipulagið deilir framtíðarsýn um Vestfirði árið 2050 með sóknaráætlun Vestfjarða.

Vestfirðir eru einstakt svæði til að njóta hreinnar náttúru og kyrrðar.
Svæðið er fjölbreytt og framúrskarandi til búsetu, atvinnu og heimsókna. Þar er öflugt, vaxandi alþjóðlegt þekkingarsamfélag sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterki sjálfsmynnd og umhverfisvitund. Á Vestfjörðum eru góðir innviðir, öflug þjónusta, fjölbreytt atvinnulíf og blómstrandi menning. Fjórðungurinn einkennist af samheldnum samfélögum sem byggja á virðingu fyrir fólki, umhverfi og auðlindum.

Framtíðarsýnin byggir á þeim meðbyr og gerjun sem hefur verið á Vestfjörðum þar sem atvinnulíf og fólksfjölgun er nú í sókn.

Svæðisskipulagið tekur mið af því að Vestfirðingar verði orðnir 11.000 árið 2050 og markmið og aðgerðir í stefnunni gangi fram. Auknar vegbætur munu fækka hálandisvegum, styrkja atvinnulífið og auðvelda húsnæðisuppbyggingu.

Áfram er gert ráð fyrir að Vestfirðir verði fjölbreyttir og að sérkennin fái að njóta sín. Vestfirðingar munu áfram búa að stórbrotinni náttúru og ríkulegum auðlindum. Það ásamt kraftmiklu menningarlífi, sköpunargleði og þrótti heimafólks er og verður aðdráttarafl Vestfjarða.





2.1 Helstu áskoranir

Vestfirðir standa frammi fyrir fjölbreyttum áskorunum sem varða búsetu, innviði, atvinnu, samfélag og umhverfi. Svæðisskipulagið mótar stefnu til að mæta þessum áskorunum og tryggja sjálfbæra þróun landshlutans..

- Húsnaðismál** Fjölbreyttara íbúðarhúsnaði er nauðsynlegt til að mæta þörfum nýrra íbúa, ungs fólks og þeirra sem eru að skipta um búsetuform. Í dag er byggingarkostnaður víða hærri en markaðsverð, sem hamrar nýframkvæmdum og kallar á nýjar lausnir í fjármögnun og hvata til uppbyggingar.
- Samgöngur og innviðir** Vegakerfi, vetrarþjónusta, raforkuöryggi og fjarskipti eru lykilþættir í samkeppnishæfni Vestfjarða. Styrking innviða er nauðsynleg til að bæta lífsgæði og efla atvinnulíf.
- Samkeppnisstaða atvinnulífs** Vestfirðir þurfa að yfirstíga aðgangshindranir á borð við takmarkaðar samgöngur, húsnaðisskort og takmarkað aðgengi að raforku til að laða að fjárfestingu og styðja við fjölbreytt atvinnulíf.
- Jafnvægi milli nýtingar og verndar** Vöxtur atvinnugreina eins og ferðaþjónustu, iðnaðar og lagareldis þarf að fara fram á sjálfbæran hátt svo að náttúrufegurð, kyrrð og líffræðileg fjölbreytni haldist óskert.
- Aðlögun að loftslagsbreytingum** Öfgar í veðurfari, hækkandi sjávarborð og breytingar á vatnafari krefjast aðgerða í skipulagi og innviðauppbyggingu. Loftslagsstefna og samstarf sveitarfélaga skipta þar lykilmáli.
- Grunnþjónusta og breytt aldurssamsetning** Þjónusta við börn og aldraða þarf að þróast í takt við fjölgun íbúa. Sérhæfð þjónusta kallar á aukið samstarf sveitarfélaga.

• **Geðheilbrigði og félagslegar áskoranir** Þétriðið samfélag og samkennd hafa verið taldir helstu kostir þess að búa í litlum samfélögum. Nú eru teikn á lofti um aukna einsemd og dvínandi hamingju. Það kallar á aukna áherslu á geðheilbrigði og félagslega virkni.

• **Ingilding nýrra íbúa og sjálfsmynnd landshlutans** Samfélagið þarf að leggja áherslu á öfluga móttöku nýrra íbúa og styðja þá í aðlögun. Jafnframt er mikilvægt að byggja upp jákvæða sjálfsmynnd Vestfjarða sem svæðis tækifæra og vaxtar.

• **Samvinna sveitarfélaga og stjórnsýsla** Aukin verkefni sveitarfélaga og vaxandi kröfur um þjónustu kalla á markvissa samvinnu og sameiginlegar lausnir í stjórnsýslu og rekstri.

Þessar áskoranir tengjast öllum stefnuþáttum svæðisskipulagsins. Lausnir felast í markvissri stefnumótun, aukinni samvinnu, öflugri innviðauppbyggingu og samstillaðu átaki íbúa, atvinnulífs og sveitarfélaga.

Nánari upplýsingar um áskoranir og þróun Vestfjarða er að finna í stöðumatsskýrslu svæðisskipulagsins.



3 Náttúra og auðlindir

Leiðarljós

Náttúran er helsta aðdráttarafl Vestfjarða, grundvöllur atvinnulífs og uppsprettu auðlinda. Henni er ógnað af loftlagsbreytingum og athöfnum mannsins. Því þarf að draga úr losun gróðurhúslofttegunda, auka bindingu kolefnis og aðlaga samfélögin. Það verður gert með því að finna jafnvægi milli verndar og nýtingar, orkuöflunar og friðunar með virðingu fyrir náttúru og samfélagi að leiðarljósi.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum sameinast um þetta leiðarljós og setja sér sameiginleg markmið sem falla undir:

- Landslag og víðerni
- Vistkerfi og verndarsvæði
- Loftslag, náttúrvá og úrgangsmál
- Orkuöflun

Við viljum að Vestfirðir séu:

- Fjórðungur sérstöðu, þar sem víðáttumiklum ósnortnum svæðum og sterkum landslagsheildum er viðhaldið.
- Fjórðungur sjálfbærni og viðnámsþróttar, þar sem dregið er markvisst úr losun kolefnis og samfélagið aðlagast breytingum af völdum loftslagshlýnunar og náttúrvá.
- Fjórðungur sjálfbærrar orkuöflunar, þar sem svæðið getur staðið undir þróttmiklum vexti samfélagsins með hreinni, endurnýjanlegri orku.





3.1 Landslag og víðerni

Stórbrotið landslag og náttúra eru aðdráttarafl sem dregur íbúa og gesti til Vestfjarða. Náttúruupplifun og útvist eru lífsgæði sem standa þarf vörð um. Skipulag og þróun svæðisins þarf að byggjast á heildrænni sýn á verndun og nýtingu landslagsins.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur eftirfarandi markmið sem stuðla að nýtingu landslags sem auðlindar og bæta aðgengi að útvistarsvæðum og náttúruupplifun.

Markmið

- 3.1.1 Auka þekkingu á landslagsgerðum, landslagsheildum og landslagsgæðum
- 3.1.2 Lágmarka sjónræn og umhverfisleg áhrif af innviðum
- 3.1.3 Bæta aðgengi að náttúru Vestfjarða á sjálfbæran hátt, með hliðsjón af vernd víðerna og landslagsgæða.



Kotið sýnir hvernig Vestfirðir skiptast í landslagsflokkar sbr. Flokkun og kortlagningu Eflu og LUC (2020) á landinu öllu.



Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|--|--|---|
| 3.1.1 Auka þekkingu á landslagsgerðum, landslagsheildum og landslagsgæðum | Vinna heildræna greiningu á landslagi og víðernum Vestfjarða með hliðsjón af flokkunarverkefni og leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Nýta landslagsgreiningu sem grunn fyrir aðalskipulagsvinnu sveitarfélaga og stefnumótun um landnotkun og framkvæmdir. Nýta greiningu landslagsgæða til að auka meðvitund um sérstöðu Vestfjarða og styðja við ákvarðanatöku í skipulagi og atvinnuþróun. | Sérverkefni Aðalskipulag / Framkvæmdaleyfi Aðalskipulag / Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa Sveitarfélög Framkv.aðilar Sveitarfélög Vestfjarðastofa |
| 3.1.2 Lágmarka sjónræn og umhverfisleg áhrif af innviðum | Hátta hönnun mannvirkja og staðsetningu þannig að þau falli sem best að landslagi og skerði sem minnst víðernisupplifun. Beina framkvæmdum sem mest á svæði sem þegar eru röskuð til að hlífa óröskaðu landi. | Deiliskipulag / Framkvæmdaleyfi Aðalskipulag | Framkv.aðilar / Sveitarfélög Sveitarfélög |
| 3.1.3 Bæta aðgengi að náttúru Vestfjarða á sjálfbærar hátt, með hliðsjón af vernd víðerna og landslagsgæða. | Skipuleggja útvistarsvæði og náttúruleiðir með áherslu á sjálfbæra nýtingu, náttúruvernd og gott aðgengi. Tengja lykilsvæði fyrir útvist með stígum og merktum leiðum til að auka öryggi og draga úr raski á viðkvæmum svæðum, auk samræmdra merkinga og fræðslu. Byggja upp útvistaraðstöðu í samræmi við náttúrulega burðargetu svæða með áherslu á umhverfisvænar lausnir og fjölbreytta útvistarmöguleika. | Aðalskipulag Áfangastaða-áætlun Deiliskipulag / framkvæmdaleyfi | Sveitarfélög Vestfjarðastofa Sveitarfélög |



Skýringar við stefnu um landslag og víðerni

Vestfirðir búa yfir ómetanlegri auðlind í formi stórbrotins landslags sem hefur víðtæk áhrif á sjálfsmynd íbúa, lífsgæði og möguleika til útivistar.

Landslagsvernd og skipulögð nýting eru lykilþættir í að tryggja sjálfbæra þróun svæðisins, þar sem náttúrufegurð, víðerni, víðsýni og aðgengi að náttúru mynda heildstæða upplifun fyrir íbúa og gesti.

Víðerni Vestfjarða

Víðerni eru náttúrugæði með víðtækt verndargildi og mikla sérstöðu á Vestfjörðum. Í dag liggja ekki fyrir skýr viðmið um afmörkun víðerna samkvæmt náttúruverndarlögum, sem getur skapað óvissu í skipulagsvinnu. Þó er ljóst að Vestfirðir búa yfir einhverjum stærstu ósnortnu svæðum á láglendi á Íslandi, þar sem hátt hlutfall svæðisins hefur enn ekki verið raskað af mannvirkjum eða framkvæmdum.

Mikilvægt er að tryggja að landnýting taki mið af þessari sérstöðu og að mannvirkjagerð og innviðauppbygging raski sem minnst þeirri upplifun sem víðernin veita. Í því skyni þarf að halda áfram kortlagningu og greiningu á áhrifum framkvæmda á náttúrufar og sjónræna upplifun.

Útivist og sjálfbært aðgengi að náttúru

Vestfirðir hafa einstaka möguleika til að efla útivist með sjálfbærum hætti. Með vaxandi áhuga almennings á náttúrutengdri hreyfingu og útivist er mikilvægt að móta stefnu sem eykur aðgengi án þess að draga úr verndargildi svæðanna.

Skipulögð útivist getur dregið úr á lagi á viðkvæm svæði og stuðlað að jafnvægi milli verndunar og nýtingar. Með því að tengja lykilsvæði fyrir útivist með merktum leiðum má bæði auka öryggi og vernda náttúruna. Þá skiptir máli að uppbygging aðstöðu, svo sem áningarstaða og tjaldsvæða, taki mið af burðargetu náttúrunnar og umhverfisvænum lausnum.

Aukin þekking og yfirsýn

Skipulagsstofnun hefur látið vinna flokkunarkerfi fyrir landslagsgerðir á Íslandi, þar sem hver gerð er skilgreind út frá landformum, yfirborði lands, landhæð, landhýtingu og sjónrænum eiginleikum. Þessi flokkun dregur fram að Vestfirðir búa yfir landslagsgerðum sem eru fágætar á landsvísu og gefa svæðinu ákveðna sérstöðu.

Nánari greining og stefnumótun getur lagt grunn að markvissri vernd landslagsheilda og sjálfbærri uppbyggingu útivistarsvæða. Með skýrri stefnu og skipulagsákvörðunum er hægt að tryggja að Vestfirðir haldi sérstöðu sinni sem svæði með einstaka náttúruupplifun og ósnortin víðerni.

Nánari upplýsingar um stöðu og þróun landslags og víðerna á Vestfjörðum er að finna í stöðumatsskýrslu svæðisskipulagsins.



3.2 Vistkerfi og verndarsvæði – náttúruvernd og sjálfbær nýting

Verndun og endurheimt vistkerfa er jákvæð bæði fyrir líffræðilegan fjölbreytileika og kolefnisbindingu. Stofnun þjóðgarðs yrði einnig lyftistöng fyrir ferðaþjónustu og samfélagsþróun. Með markvissri stefnumótun og verndun lykilsvæða má tryggja jafnvægi milli náttúruverndar, sjálfbærrar nýtingar og atvinnuþróunar fyrir samfélög Vestfjarða.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur eftirfarandi markmið um náttúruvernd, sjálfbæra landnýtingu og náttúrumiðaðar loftslagslausnir.

Markmið

- 3.2.1 Stofna og efla friðlýst svæði sem styrkja náttúruvernd, efla ferðaþjónustu og stuðla að jákvæðri byggðaþróun.
- 3.2.2 Vernda líffræðilegan fjölbreytileika og viðkvæm vistkerfi með sérstakri áherslu á sjófuglabyggðir og selalátur, votlendi og vistgerðir með hátt verndargildi.
- 3.2.3 Nýta náttúrumiðaðar loftslagslausnir til að styðja við kolefnisbindingu, endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu.



Kortið sýnir tillögur og hugmyndir að þjóðgarðakostum sem svæðisskipulag gerir ráð fyrir að unnið verði áfram með.



Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|--|--|--|
| 3.2.1 Stofna og efla friðlýst svæði sem styrkja náttúruvernd, efla ferðapjónustu og stuðla að jákvæðri byggðaþróun. | <p>Stofnaður verði þjóðgarður utan um friðlýstu svæðin í Dynjandisvogi og Vatnsfirði, og hugsanlega jörðina Hrafnseyri.</p> <p>Kanna möguleika á stofnun þjóðgarðs utan um Drangajökul með aðkomu ríkis og landeigenda.</p> <p>Meta möguleika á stækkan friðlandsins á Hornströndum.</p> | Aðalskipulag Náttúruminjaskrá Náttúruminjaskrá | Sveitarfélög Ríkið Ríkið |
| 3.2.2 Vernda líffræðilegan fjölbreytileika og viðkvæm vistkerfi með sérstakri áherslu á sjófuglabyggðir og selalátur, votlendi og vistgerðir með hátt verndargildi. | <p>Standa vörð um sjófuglabyggðir sem Vestfirðingar bera ábyrgð á á heimsvísu.</p> <p>Vernda leiru-, fjöru- og grunnsævisvistgerðir, votlendi og vistgerðir með hátt verndargildi, sem og griðland refa á Hornströndum og búsvæði sela.</p> <p>Bæta aðstöðu, merkingar og fræðslu þar sem ferðamenn komast í námunda við viðkvæma náttúru, til að mynda við selalátur eða æðarvarp.</p> <p>Vinna gegn frekari útbreiðslu ágengra, framandi tegunda.</p> <p>Sveitarfélög á Vestfjörðum vinni saman að vernd, viðhaldi og sjálfbærri nýtingu sameiginlegra vatnshlota.</p> | Aðalskipulag / Deiliskipulag / Framkvæmdaleyfi Áfangastaða-áætlun Aðalskipulag | Sveitarfélögin og framkv. aðilar. Vestfjarðastofa Sveitarfélög |
| 3.2.3 Nýta náttúrumiðaðar loftslagslausnir til að styðja við kolefnisbindingu, endurheimt vistkerfa og sjálfbæra landnýtingu. | <p>Vernda og endurheimta votlendi og birkiskóga.</p> <p>Vinna heildstæða svæðisáætlun um landgræðslu og skógrækt í samvinnu við Land og skóg.</p> <p>Áætla kolefnisspor af breyttri landnotkun í skipulagsáætlunum.</p> | Aðalskipulag Svæðisáætlun Loftslagsstefna | Sveitarfélög Land og skógur og sveitarfélög Sveitarfélög |



Skýringar við stefnu um vistkerfi og vernd

Þjóðgarðar sem hluti af sjálfbærri þróun

Vestfirðir eru eini landshlutinn á Íslandi sem hefur engan þjóðgarð. Tilraunir til stofnunar þjóðgarðs hafa ekki gengið eftir. Þjóðgarðar hafa tvíþætt hlutverk – þeir tryggja vernd náttúru og menningarminja en skapa einnig tækifæri til sjálfbærrar ferðaþjónustu og styrkingar byggða.

Hagræn áhrif þjóðgarða eru mikil og samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar skilar hver króna sem sett er í uppbyggingu þeirra sér þrettán sinnum til baka í formi skatttekna og efnahagslegs ábata.

Í skýrslu Vestfjarðastofu um sex þjóðgarðakosti á Vestfjörðum kom Dynjandisþjóðgarður best út, bæði vegna stærðar, náttúrulegrar og menningarlegrar sérstöðu, fjölda ferðamanna og styrkingar byggðar á svæðinu. Jafnframt taldist Drangajökulsþjóðgarður vera áhugaverður möguleiki sem vert væri að skoða.

Líffræðilegur fjölbreytileiki

Til viðbótar við hina almennu áherslu á að vernda tegundir og vistgerðir á válista, ætti að leggja sérstaka áherslu á þær tegundir og vistgerðir sem einkenna Vestfirði en eru sjaldgæfari annars staðar. Sjófuglabyggðirnar eru sérkenni Vestfjarða, þar af eru 28 viðurkenndar sem alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Þarna verpa margar tegundir sem Ísland ber sérstaka ábyrgð á, vegna þess að stór hluti stofnsins á heimsvísu á hér athvarf. Sumar gætu jafnvel talist ábyrgðartegundir Vestfjarða, til dæmis langvíð og stuttnefja.

Ef ætti að tala um ábyrgðarvistgerðir Vestfjarða, mætti helst líta til leira og grunnsævis, búsvæða kræklings og annarra lindýra og vaxtarsvæða bólu- og klóþangs. Víða er einnig að finna votlendisvistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi. Af einstökum tegundum má nefna refina sem eiga sitt griðland á

Hornströndum og landsel og útsel sem eru á válista en kæpa víða við Vestfirði.

Náttúrulegir birkiskógar og -kjarr hafa víða sprottið upp og njóta sérstakrar verndar í lögum um náttúruvernd, til jafns við votlendi og leirur, vötn og tjarnir. Síðustu áratugi hefur verulega dregið úr beltarálagi á Vestfjörðum og þar eru því víða möguleikar til að vernda náttúrulega birkiskóga.

Loftslagsværnar lausnir í landnýtingu

Þegar landi er raskað losnar kolefnið sem var bundið í jörðu. Vistvæn landnýting byggir á því að forðast að raska kolefnisríkustu svæðunum, votlendi, kjarri og skoglendi og stuðla að því að vistkerfin geti bundið meira kolefni í jörðu og í viði. Endurheimt mikilvægra vistkerfa eins og votlendis og birkiskóga styður bæði við líffræðilegan fjölbreytileika og dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Náttúruleg kolefnisbinding á Vestfjörðum felur í sér viðskiptatækifæri með sölu kolefniseininga og styður einnig við loftslagsmarkmið Íslands. Með aukinni endurheimt votlendis, viðhaldi góðs beitilands og skógrækt er hægt að binda kolefni í jörðu og lífmassa. Af þessum þremur leiðum er skógræktin sú sem mest breytir ásýnd og lífríki og mikilvægt að vistkerfisnálgun sé höfð í heiðri. Heildstæð svæðisáætlun um landgræðslu og skógrækt eykur þekkingu á því hvaða svæði og aðferðir séu hentugastar.

Aðgerðir eins og vistvæn landnýting og endurheimt gróðursvæða geta jafnframt dregið úr landeyðingu og stuðlað að betri vatnsstjórnun á svæðinu. Með markvissum aðgerðum geta Vestfirðingar orðið leiðandi í náttúrumiðuðum loftslagslausnum og sýnt hvernig samspli náttúruverndar og sjálfbærrar landnýtingar getur skilað margþættum ávinningi fyrir samfélagið.

Nánari upplýsingar um stöðu og þróun vistkerfa og verndarsvæða á Vestfjörðum er að finna í stöðumatskýrslu svæðisskipulagsins



3.3 Loftslag, náttúrvá og úrgangsmál


Öryggi og afkoma okkar er undir því komin að við séum betur í stakk búin til að takast á við loftslagsbreytingar og náttúrvá. Samfélagið þarf að bregðast við bæði með aðgerðum til að draga úr losun og með því að styrkja innviði og skipulag sem tekur mið af aukinni hættu vegna náttúrvárs. Jafnframt er mikilvægt að innleiða sjálfbæra úrgangsstjórnun sem byggir á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur skýr markmið um loftslagsmál, náttúrvá og úrgangsmál.

Markmið

- 3.3.1 Vestfirðir nái kolefnishlutleysi fyrir árið 2040, með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, orkuskiptum og kolefnisjöfnun.
- 3.3.2 Styrkja samfélagið gagnvart náttúrvá og afleiðingum loftslagsbreytinga með áherslu á skipulag, varnir og viðbragðsáætlanir.
- 3.3.3 Draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu með bættu skipulagi og hagnýtingu hringrásarhagkerfisins.

UPPSPRETTUR LOSUNAR
GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA Á VESTFJÖRÐUM
(TONN CO₂ ÍG)



Uppspretta losunar gróðurhúsalofttegunda á Vestfjörðum samkvæmt greiningu Environice.



Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|---|---|---|
| 3.3.1 Vestfirðir nái kolefnishlutleysi fyrir árið 2040, með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, orkuskiptum og kolefnisjöfnun. | <p>Greina kolefnisspor svæðisins og forgangsraða loftslagsaðgerðum miðað við árangur og hagkvæmni.</p> <p>Vinna orkuskiptaáætlun fyrir Vestfirði og setja orkuskiptaverkefni í forgang við aukna afhendingargetu raforku.</p> <p>Styðja við orkuskipti í samgöngum með bættum innviðum fyrir rafbíla og rafvæðingu hafna. Nánar er fjallað um þetta í kafla 4.2.</p> <p>Styðja við betri orkunýtni, t.d. í byggingum, og minni notkun jarðefnaeldsneytis.</p> <p>Draga úr losun frá rekstri og innkaupum sveitarfélaga og beina kolefnisjöfnun af starfsemi sveitarfélaganna í kolefniseiningaverkefni á Vestfjörðum.</p> | Loftslagsstefna Aðalskipulag Deiliskipulag / byggingarleyfi Loftslagsstefna | Sveitarfélög Sveitarfélög Sveitarfélög Sveitarfélög |
| 3.3.2 Styrkja samfélagið gagnvart náttúrvá og afleiðingum loftslagsbreytinga með áherslu á skipulag, varnir og viðbragðssáætlanir. | <p>Vinna áhættugreiningar með áherslu á aukna náttúrvá af völdum loftslagsbreytinga.</p> <p>Vinna úttekt og aðgerðaáætlun vegna sjávarrofs við þéttbýli, mikilvæga innviði og menningarmínjar.</p> <p>Endurskoða hættumat ofanflóða þar sem búið er að reisa ofanflóðavarnir.</p> <p>Nýta náttúrumiðaðar lausnir, t.d. blágrænar ofanvatnslausnir, til að milda áhrif loftslagsbreytinga á byggð og lágmarka álag á vatnshlot og vistkerfi.</p> <p>Vinna gegn auknum þurrkum, flóðum og breytingum á úrkumudreifingu, sem geta haft áhrif á vatnshlot, vatnsöflun, rekstur miðlana og vatnsaflsframleiðslu.</p> <p>Auka samvinnu almannavarnanefnda og ýta undir samstarf björgunarsveita og einkaaðila sem búa yfir mikilvægri þekkingu og búnaði.</p> | Hættumat Sérverkefni / aðalskipulag Hættumat Aðalskipulag Aðalskipulag Sérverkefni | Veðurstofan Veðurstofan / sveitarfélög Veðurstofan Sveitarfélög Sveitarfélög Vestfjarðastofa |



| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|---|---|---|--|
| <p>3.3.3</p> <p>Draga úr myndun úrgangs og auka endurnýtingu með bættu skipulagi og hagnýtingu hringrásarhagkerfisins</p> | <p>Binda enda á urðun og haugsetningu. Sérstök áhersla sé á flokkun og fullnægjandi frágang lífræns úrgangs vegna metanlosunar.</p> <p>Auka aðgengi að flokkun og endurvinnslu í dreifbýli og þéttbýli.</p> <p>Innleiða sameiginlega úrgangsstefnu í samræmi við svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.</p> <p>Endurnýta byggingarefni og stuðla að vistvænni mannvirkjagerð</p> | <p>Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs</p> <p>Aðalskipulag</p> <p>Framkv. aðilar</p> | <p>Vestfjarðastofa</p> <p>Sveitarfélögin</p> |



Skýringar við stefnu um loftslag, náttúrvá og úrgangsmál

Vestfirðir standa frammi fyrir áskorunum tengdum loftslagsmálum og náttúrvá. Hlýnandi veðurfar eykur hættu á gróðureldum, skriðuföllum og ofanflóðum, auk þess sem hækkandi sjávarborð og aukin úrkomuákefð skapa nýjar áskoranir í skipulagi og varnaraðgerðum. Sveitarfélög þurfa að vinna saman að forvörnum og aðlögun og tryggja viðnámsþrótt innviða og byggðar.

Loftslagsaðgerðir og orkuskipti

Með kolefnishlutleysi er átt við að Vestfirðir munu draga úr samfélagslosun eins og kostur er og kolefnisjafna það sem út af stendur innan 2040. Vestfirðir þurfa að fylgja skýrum loftslagsmarkmiðum, greina kolefnisspor svæðisins og forgangsraða aðgerðum eftir kolefnisávinningi og kostnaði. Orkuskipti í samgöngum og hafnastarfsemi eru lykilþættir í samdrætti í losun, sem og sjálfbær landnýting og endurheimt vistkerfa.

Samkvæmt Landsskipulagsstefnu ber sveitarfélögum að styðja við orkuskipti með skipulagsákvæðum og uppbyggingu nauðsynlegra innviða, svo sem hleðslustöðva og rafvæðingu hafna.

Náttúrvá og viðnámsþróttur samfélagsins

Vestfirðir búa við fjölbreytta náttúrvá, þar á meðal ofanflóð, sjávarrof, óveður og aurskriður. Hlýnandi veðurfar hefur þegar haft áhrif en aukin úrkomuákefð, breytt frost- og leysingamynstur og vaxandi hætta á gróðureldum krefjast markvissra varna.

Mikilvægt er að halda áfram að byggja og bæta varnargarða gagnvart ofanflóðum. Einnig er brýnt að endurmeta hættumat þegar slík mannvirkir eru komin í gagnið, þar sem það getur haft áhrif á skipulag og nýtingu lands. Hækkandi sjávarborð veldur álagi á hafnir og fráveitukerfi og sveitarfélög þurfa að vinna saman að heildarúttekt á ágangi sjávar.

Einnig þarf að bregðast við vaxandi hættu á þurrkum. Vatnsból á Vestfjörðum eru sums staðar viðkvæm og mikilvægt að sveitarfélög greini þá áhættu og setji fram áætlanir um viðbrögð við auknum þurrkum og breytingum á úrkomu.

Samstarf í almannavörnum er lykilatriði í viðnámsþrótti samfélagsins. Björgunarsveitir gegna lykilhlutverki og skipulögð viðbragðsáætlun er nauðsynleg til að tryggja öflugt varnar- og björgunarkerfi. Fyrirtæki í sjávarútvegi og lagareldi búa yfir þekkingu og búnaði sem getur nýst í neyð. Viðbragðsáætlanir þurfa að taka tillit til allra bjarga.

Hringrásarhagkerfi og úrgangsstjórnun

Vestfirðir hafa þegar tekið stór skref í úrgangsmálum, en frekari samræming og uppbygging innviða er nauðsynleg til að ná settum markmiðum. Með markvissri flokkun og endurnýtingu, auk nýtingar lífræns úrgangs í jarðgerð, er hægt að draga úr losun og urðun.

Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Vestfirði 2024–2035 leggur áherslu á bætta úrgangsstjórnun og innleiðingu hringrásarhagkerfisins. Með skýrri stefnu geta sveitarfélög stuðlað að minni auðlindanotkun og vistvænni atvinnustarfsemi.

Með samstilltu átaki sveitarfélaga, atvinnulífs og samfélagsins geta Vestfirðir orðið leiðandi í loftslagsaðgerðum, sjálfbærri landnýtingu og hringrásarhagkerfi á Íslandi.

Nánari upplýsingar um stöðu og þróun loftslags, náttúrvá og úrgangsmál á Vestfjörðum er að finna í stöðumatsskýrslu svæðisskipulagsins



3.4 Orkuöflun og jarðhitanyting

Samfélag og atvinnulíf á Vestfjörðum þarf aukna og öruggari afhendingu raforku til þess að dafna og til þess að ná að fasa út jarðefnaeldsneyti. Því er nauðsynlegt að efla orkuvinnslu á svæðinu og bæta orkunýtingu, sérstaklega með virkjun vatnsafls og aukinni nýtingu jarðhita.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur eftirfarandi markmið um orkuöflun.

Markmið

- 3.4.1 Tryggja næga sjálfbæra orkuvinnslu á Vestfjörðum til framtíðar, með sem minnstum umhverfisáhrifum.
- 3.4.2 Bæta nýtingu raforku á Vestfjörðum, með því að beisla jarðhita og bæta orkunýtni þar sem kostur er.



Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|---|--|---|--|
| 3.4.1 Tryggja næga sjálfbæra orkuvinnslu á Vestfjörðum til framtíðar með sem minnstum umhverfisáhrifum. | <p>Vinna að skipulagi og leyfisveitingu fyrir nýjar vatnsaflsvirkjanir og tengingu þeirra við flutningskerfið. Áhersla er á stærri virkjanakosti sem geta leyst kerfislægan vanda flutningskerfis raforku á Vestfjörðum og eru í nýtingarflokki Rammaáætlunar.</p> <p>Nálgast orkuöflun með virðingu fyrir náttúru og tryggja að virkjanir og tengingar þeirra skerði sem minnst víðerni og mikilvægar landslagsheildir.</p> <p>Kanna tækifæri sem felast í endurnýjanlegum orkugjöfum á sjó og við strendur Vestfjarða, svo sem virkjun sjávarfalla, ölduorku, hafvindorku og sólarorku.</p> <p>Setja sameiginleg viðmið fyrir virkjanir undir 10 MW sem eru utan rammaáætlunar, þar sem tekið er mið af orkuöryggi, náttúruvernd og samspili við samfélagið.</p> | Aðalskipulag / Rammaáætlun | Sveitarfélög / Ríkið |
| 3.4.2 Bæta nýtingu raforku á Vestfjörðum, með því að besla jarðhita og bæta orkunýtni þar sem kostur er. | <p>Nýta aukna orkuöflun í orkuskiptaverkefni innan fjórðungsins.</p> <p>Auka leit að jarðhita og vægi jarðhitaleitar í orkuöflunarmöguleikum</p> <p>Auka nýtingu jarðhita til húshitunar og atvinnusköpunar.</p> | Kerfisáætlun / Aðalskipulag Sérverkefni Aðalskipulag | Landsnet/ Sveitarfélög Vestfjarðastofa Sveitarfélög |



Skýringar við stefnu um orkuöflun

Orkubörf Vestfjarða hefur vaxið hratt og mun halda áfram að aukast vegna orkuskipta og atvinnuþróunar. Á sama tíma er flutningskerfi raforku á svæðinu veikt. Enn vantar tvítengingu og gæði raforku eru oft ófullnægjandi. Skjótasta lausnin á lágum kerfisstyrk og afhendingaröryggi er að bæta við meðalstórrí vatnsaflsvirkjun á Vestfjörðum og nýta hana sem tvítengingu fyrir fjórðunginn. Sveitarfélögin þurfa því að beina sjónum að aukinni orkuvinnslu á svæðinu sjálfu.

Vatnsafl og sjálfbær raforkuframleiðsla

Virkjun Hvalár mun duga fyrir núverandi orkuþörf Vestfirðinga. Til lengri tíma getur orkuþörfin vaxið enn meira. Meðalstórar vatnsaflsvirkjanir í Djúpi og á austanverðu Glámuhlendi geta gegnt lykilhlutverki í framtíðarorkuöflun svæðisins. Við Ísafjarðardjúp eru nokkrir meðalstórir virkjanakostir.

Austurgilsvirkjun er í orkunýtingarflokki og Skúfnavatnavirkjun, Hvanneyrardalsvirkjun og Tröllárvirkjun eru í athugun í rammaáætlun. Á Ströndum mun Kvíslartunguvirkjun brátt auka aðgengi að raforku. Aðrir stærri virkjanakostir eru annað hvort í verndarflokki eða hafa ekki verið teknir til umfjöllunar í rammaáætlun.

Jarðhiti og hlutverk hans í orkuskiptum

Jarðhitinn er vannýtt auðlind á Vestfjörðum. Mörg byggðarlög nota enn rafmagn til húshitunar, sem er bæði kostnaðarsamt og eykur álag á raforkukerfið. Við raforkuskerðingu hefur þurft að reka hitaveitu með jarðefnaeldsneyti. Nú eru í gangi verkefni sem miða að því að finna jarðhita og nýta á svæðum þar sem rafhitaveita er enn ráðandi.

Með markvissri stefnu um nýtingu jarðhita og samstarfi við orkufyrirtæki getur jarðhiti leyst af hólmi stóran hluta rafhitunar á Vestfjörðum og þannig losað um raforku sem hægt er að nýta í annað.

Nýjar orkuauðlindir: Hafvindur, sjávarföll og ölduorka

Vestfirðir ættu að fylgjast vel með tæknipróun annarra endurnýjanlegra orkugjafa. Hafvindur hefur verið til skoðunar á Íslandi en tækifærin eru ekki enn fullkönnuð á Vestfjörðum. Ísingarhætta og brattlent landslag hamlar víða vindorkuuppbyggingu á landi en möguleikar á hafvindorku gætu verið til staðar.

Sjávarfallaorka og ölduorka eru einnig spennandi framtíðarkostir sem gætu komið til greina þegar tæknipróun verður lengra komin. Sveitarfélögin þurfa að fylgjast með þessari þróun og meta hvort slíkir orkukostir gætu orðið raunhæfur hluti af framtíðar orkuöflun Vestfjarða.

Samræmdir áherslur fyrir smávirkjanir

Smávirkjanir (virkjanir undir 10 MW) eru utan rammaáætlunar en eru engu að síður háðar umhverfismati og skipulagsákvörðunum sveitarfélaga.

Samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar er mikilvægt að meta áhrif smávirkjana á náttúru, landslag og viðerni. Einnig þarf að meta uppsöfnuð áhrif, sérstaklega þegar mörg leyfisferli eru í gangi á sama svæði. Gæta þarf varfærní í leyfisveitingum fyrir dreifðum smávirkjunum, til að tryggja að samanlögð áhrif þeirra á landslag og lífríki verði ekki meiri en áhrif stærri virkjana sem sæta strangara mati. Mikilvægt er að tryggja heildarsýn á orkubörf og nýtingu, svo að smávirkjanir nýtist raunverulega innan Vestfjarða og styðji við staðbundin orkuskipti.

Með því að móta samræmd viðmið um smávirkjanir tryggja sveitarfélögin að nýting smárra vatnsaflskosta styðji við sjálfbæra orkuöflun og samfélagsþróun án þess að raska um of náttúruverðmætum svæðisins.

Nánari upplýsingar um stöðu og þróun orkuöflunar á Vestfjörðum er að finna í stöðumatsskýrslu svæðisskipulagsins



4 Grunnkerfi

Leiðarljós


Öruggir og tryggir innviðir eru kjarni hvers blómlegs samfélags. Vestfirðir hafa setið eftir í innviðauppbyggingu sem hefur hamlað byggðarþróun. Því þarf að stórauka innviðauppbyggingu til að efla byggð og búa til betri heimkynni. Það verður meðal annars gert með því að stytta vegi og auka öruggi þeirra, tryggja afhendingu endurnýjanlegrar orku og styðja við vistvæna ferðamáta, með sjálfbærni að leiðarljósi.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum sameinast um þetta leiðarljós og setja sér sameiginleg markmið sem falla undir:

- Byggðamynstur
- Samgöngur
- Orkuflutning og fjarskipti

Við viljum að Vestfirðir séu:

- Fjórðungur þar sem áframhaldandi uppbygging byggðakjarna getur tekið við íbúum, grunnþjónusta vex í takt við íbúafjölgun, vinnustöðvar draga úr ferðaþörf og landnotkun er skynsamleg.
- Fjórðungur þar sem innviðir fullnægja þörfum íbúa og atvinnulífs er kemur að samgöngum og tengingu við hringveginn.
- Fjórðungur þar sem afhendingaröryggi raforku er tryggt og innviðir fjarskipta góðir.






4.1 Byggðamynstur

Vestfirðir eru fjölkjarna byggð þar sem þéttbýliskjarnar dreifast yfir stórt landsvæði. Sterk vinnusóknarsvæði og öflugar tengingar milli þeirra skipta sköpum fyrir eflingu samfélaga. Skipulag byggðar og uppbygging innviða þarf að stuðla að fjölbreyttum búsetuvalkostum, styðja við sjálfbæra þróun og tryggja skilyrði fyrir auknum lífsgæðum íbúa til framtíðar.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur eftirfarandi markmið um þróun byggðar.

Markmið

- 4.1.1. Efla þéttbýliskjarna með fjölbreyttri uppbyggingu og styrkja samkeppnishæfni byggðanna.
- 4.1.2. Styrkja dreifbýli með fjölbreyttum búsetuvalkostum og sjálfbærri þróun byggðar í takt við breyttar þarfir samfélagsins.
- 4.1.3. Draga úr ferðaþörf með því að skipulag byggðar styðji við daglegt líf íbúa og auðveldi val á vistvænum samgöngum.



Kortið sýnir fram mögulega dreifingu íbúa í þéttbýli miðað við þá íbúafjölgun sem svæðisskipulag Vestfjarða gerir ráð fyrir að geti orðið til ársins 2050.



Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|--|--|--|
| 4.1.1 Efla þéttbýliskjarna með fjölbreyttri uppbyggingu og styrkja samkeppnishæfni byggðanna. | <p>Uppbygging verði í góðum tengslum við eldri byggð og staðbundin sérkenni, þar sem nýjar byggingar og þróunarsvæði styðja við bæjarmynd og félagslega innviði.</p> <p>Ný þróunarsvæði verði skipulögð þannig að innviðir nýtist sem best og sem flestir geti ferðast á umhverfisvænan hátt.</p> <p>Aukið framboð af fjölbreyttum íbúðagerðum í þéttbýli og dreifbýli, þar á meðal raðhús, minni fjölbýlishús og húsnæði fyrir einstaklinga og ungt fólk.</p> | Aðalskipulag | Sveitarfélög |
| 4.1.2 Styrkja dreifbýli með fjölbreyttum búsetuvalkostum og sjálfbærri þróun byggðar í takt við breyttar þarfir samfélagsins. | <p>Tryggja fjölbreytt búsetuform í dreifbýli, þar sem nálægð við náttúru og gæði umhverfisins styðja við staðbundna atvinnustarfsemi og nútímalega fjarvinnu.</p> <p>Styðja við byggðaþróun í dreifbýli með bættum samgöngum, fjarskiptum og þjónustu sem gerir búsetu á afskekktari svæðum raunhæfan valkost.</p> | Aðalskipulag Innviðaáætlun | Sveitafélög Vestfjarðastofa |
| 4.1.3 Draga úr ferðapörf með því að skipulag byggðar styðji við daglegt líf íbúa og auðveldi val á vistvænum samgöngum | <p>Þéttbýllskipulag stuðli að því að dagleg þjónusta sé í innan við 15 mínútna fjarlægð fyrir sem flesta íbúa.</p> <p>Skipulag byggðar tryggi greiðar leiðir fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur.</p> <p>Endurnýja og þétta byggð í eldri hverfum til að stuðla að betri landnýtingu og hagkvæmri uppbyggingu innviða.</p> | Aðalskipulag Aðalskipulag Aðalskipulag | Sveitarfélög Sveitarfélög Sveitarfélög |



Skýringar við stefnu um byggðamynstur

Byggðamynstur Vestfjarða einkennist af fjölkjarna byggð, þar sem samfélagið skiptist í nokkrar lykilkjarna sem þjóna mismunandi svæðum. Um 90% íbúa Vestfjarða býr í þéttbýli, en innan þess eru mörg lítil byggðarlög með sérhæfða þjónustu og atvinnugreinar. Strjálbýlið hefur átt undir högg að sækja en landbúnaður og ferðapjónusta hafa skipt sköpum fyrir búsetuskilyrði þar.

Þéttbýliskjarnar sem drifkraftur samfélags og atvinnulífs

Fólksfjöldabróun á Vestfjörðum hefur verið sveiflukennd en á síðustu árum hefur íbúum fjölgæð í sumum byggðakjörnum. Uppbygging atvinnugreina á borð við fiskeldi, ferðapjónustu og hátaekniðnað hefur skapað ný störf og dregið að fólk. Þrátt fyrir þetta er fólksfjölgun ekki tryggð nema nægt framboð sé af fjölbreyttum íbúðakostum. Skortur á húsnæði og lágt fasteignamat hefur hamlað þróun byggðar.

Einn helsti styrkleiki byggðamynsturs Vestfjarða er stuttar vegalengdir innanbæjar, sem gerir göngu- og hjóleiðasamgöngur að raunhæfum valkosti í daglegu lífi. Þéttting byggðar, markviss landnýting og góð blöndun íbúðarbyggðar og þjónustu eru lykilþættir í að styrkja þéttbýliskjarna og styðja við sjálfbær samfélag.

Dreifbýli og möguleikar til uppbyggingar

Í dreifbýli Vestfjarða eru ólík tækifæri til byggðaþróunar. Víða hafa þéttbýliskjarnar í strjálbýli lagst af eða veikst verulega vegna fólksfækkunar, en með breyttum atvinnuháttum og bættum fjarskiptum geta nýir byggðakjarnar þróast á vel völdum svæðum.

Fleiri kjarnabyggðir í dreifbýli geta stutt við strjálbýl svæði og aukið búsetumöguleika án þess að vera háðar hefðbundnum landbúnaði. Sveigjanleiki í landnotkun og auknir möguleikar á húsnæði í dreifbýli gætu gert Vestfirði að aðlaðandi búsetukosti fyrir fjölbreyttan hóp fólks, þar á meðal fjarvinnandi sérfræðinga og frumkvööla sem geta starfað óháð staðsetningu.

Skipulag byggðar og samgöngur

Samgöngur eru mikilvægur þáttur í byggðaþróun. Vegalengdir milli byggðakjarna og þjónustusvæða geta verið áskorun á Vestfjörðum, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Markmið stefnunnar er að viðhalda og bæta vegakerfið þannig að ferðatími innan vinnusóknarsvæða verði sem næst 45 mínútum að næsta þjónustukjarna.

Þéttbýlisskipulag þarf einnig að taka mið af vistvænum samgöngum. Í því felst að þéttbýli sé skipulagt þannig að helsta þjónusta sé innan 15 mínutna göngueða hjólfafjarlægðar, og aðgengi að almenningssamgöngum innan vinnusóknarsvæða. Með því að byggja á þessum meginreglum skapast betri skilyrði fyrir sjálfbært byggðamynstur.

Sjálfbær þróun byggðar í takt við náttúru og landslag

Vestfirðir hafa takmarkað byggingarland og skörp landfræðileg einkenni. Undirlendi er víða lítið og mörg þéttbýlissvæði hafa náttúruleg vaxtarmörk. Því er mikilvægt að ný uppbygging taki mið af umhverfinu og stuðli að sjálfbærri nýtingu landgæða. Þá þarf jafnframt að huga að endurmati vegna náttúrvár, sérstaklega í byggð þar sem eru þekkt ofanflóðasvæði og sjávarflóð eru tíð.

Með skýrri framtíðarsýn fyrir byggðamynstur, sem byggir á markvissri landnýtingu, hagkvæmri innviðaþróun og styrkingu lykilbyggða, geta Vestfirðir þróast sem sterkt og sjálfbært samfélag til framtíðar.

Nánari upplýsingar um stöðu byggðamála á Vestfjörðum er að finna í stöðumatsskýrslu svæðisskipulagsins.



4.2 Samgöngur

Samgöngur eru lífæð samfélagsins. Með markvissum aðgerðum má styrkja samkeppnishæfni Vestfjarða, efla byggðaþróun og tryggja íbúum, fyrirtækjum og gestum öruggt og skilvirkt samgöngukerfi til framtíðar. Bættar samgöngur eru mikilvægur þáttur í að draga úr orkunotkun með styttri vegalengdum, auknum almenningssamgöngum og virkum ferðamátum.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur eftirfarandi markmið um framtíðarsamgöngur.

Markmið

- 4.2.1. Bæta greiðfærni og öryggi vegsamgangna innan Vestfjarða og við aðra landshluta.
- 4.2.2 Tryggja framkvæmdir og fjármögnun í samgöngumálum á Vestfjörðum.
- 4.2.3 Tryggja framgang orkuskipta í samgöngum með uppbyggingu innviða og vistvænum lausnum.
- 4.2.4 Tryggja reglulegt, öruggt og hagkvæmt áætlunarflug.
- 4.2.5 Efla almenningssamgöngur.
- 4.2.6 Auka val íbúa um virkan ferðamáta.
- 4.2.7 Efla hafnir og sjósamgöngur.



Kortið sýnir þær samgöngubætur sem eru á áætlun eða hafa verið til skoðunar og unnið verður áfram að raungera.



Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|---|--|--|
| 4.2.1 Bæta greiðfærni og öryggi vegsamgangna innan Vestfjarða og við aðra landshluta. | <p>Vinna markvist að þjónustuaukningu og úrbótum á vegakerfinu þannig að það fullnægi þörfum íbúa og atvinnulífs allt árið um kring.</p> <p>Jarðgangagerð og aðrar úrbætur á vegakerfinu verði forgangsverkefni. Áhersla er lögð á breikken Breiðadalsleggs Vestfjarðaganga, Álfafjarðargöng, Suðurfjarðargöng (Hálfán, Mikladal), göng undir Klettháls, Bíldudalsvegur, Innstrandavegi og Strandavegi yfir Veiðileysuháls.</p> <p>Hefja undirbúning að frekari úrbótum á vegakerfi Vestfjarða. Sérstaklega þarf að skoða bætta tengingu sunnanverðra Vestfjarða við Vestfjarðaveg. Endurbætur á Strandavegi norðanverðum þarf hest sértækrar skoðunar. Endurnýjun á burðarlagi stofnvega og, bætta tengivegi að Látrabjargi, Rauðasandi, Selárdal, Bolafjalli og Kaldalóni. Jafnframt þarf að meta árangur af nýjum vegi yfir Dynjandisheiði og hvort frekari úrbóta sé þörf á þeirri leið.</p> <p>Auka þjónustu við vegfarendur á lykilleiðum, með uppbyggingu hvíldarsvæða, salernisaðstöðu og snjalllausna.</p> | Innviðaáætlun Innviðaáætlun / Aðalskipulag Innviðaáætlun / Aðalskipulag Samgönguáætlun / Aðalskipulag | Vegagerðin Vestfjarðastofa / Sveitarfélögin Vestfjarðastofa / Sveitarfélög Rikið / Aðalskipulag |
| 4.2.2 Tryggja framkvæmdir og fjármögnun í samgöngumálum á Vestfjörðum. | <p>Gerð reglulegrar innviðaáætlunar fyrir Vestfirði til að skýra stöðu samgönguinnviða, styðja stefnumörkun sveitarfélaga og forgangsraða innviðaverkefnum í takt við þróun samfélagsins og tækni.</p> <p>Vinna samgöngusáttmála í samstarfi ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs.</p> <p>Skoðaðar verða nýjar leiðir til fjármögnunar, s.s. eyrnamerkar skatttekjur, sölu ríkiseigna og samstarf við lífeyrissjóði, til að flýta framkvæmdum og draga úr innviðaskuld ríkisins gagnvart Vestfjörðum.</p> | Innviðaáætlun Sérverkefni Innviðaáætlun / Samgönguáætlun | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa / Ríkið |



| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|--|--|--|
| 4.2.3 Tryggja framgang orkuskipta í samgöngum með uppbyggingu innviða og vistvænum lausnum. | <p>Byggja upp net hleðslustöðva fyrir rafþíla og önnur vistvæn ökutæki sem þjóna bæði fólksbílum og stórum farartækjum.</p> <p>Innleiða vistvænar lausnir í höfnum, m.a. rafvæðingu og aðra umhverfisvæna orkugjafa.</p> <p>Hvetja til orkuskipta í almenningssamgöngum með því að forgangsraða vistvænum ökutækjum í innkaupum og rekstri.</p> | Aðalskipulag | Sveitarfélög |
| 4.2.4 Tryggja reglulegt, öruggt og hagkvæmt áætlunarflug. | <p>Tryggja öruggt áætlunarflug til og frá Vestfjörðum í samræmi við þarfir íbúa og atvinnulífs með markaðslausrum og langtímasamningum með stuðningi ríkisins.</p> <p>Tryggja vegtengingar og almenningssamgöngur á milli áætlunarflugvallanna á Bíldudal og Ísafirði.</p> <p>Viðhalda og efla þá flugvelli sem eru hluti af almenningssamgöngukerfinu og lendingarstaði fyrir neyðar- og sjúkraflug.</p> <p>Viðhalda Loftbrú til að tryggja hagkvæm fargjöld og auka framboð í áætlunarflugi.</p> | Samgönguáætlun Samgönguáætlun Samgönguáætlun Samgönguáætlun | Ríkið Ríkið Ríkið Ríkið |
| 4.2.5 Efla almenningssamgöngur | Efla almenningssamgöngur innan vinnusóknarsvæða sem þjóna nærsamfélagini. | Samgönguáætlun | Ríkið |
| | Styrkja almenningssamgöngur sem tengja Vestfirði við aðra landshluta. | Samgönguáætlun | Ríkið |
| 4.2.6 Auka val íbúa um virkan ferðamáta. | <p>Tryggja að skipulag byggðar og þjónustusvæða styðji við gangandi og hjólandi með tengingum við verslanir, skóla og þjónustu.</p> <p>Virkir ferðamátar verði raunverulegur valkostur með bættri lýsingu, snjómokstri og öruggum stígum.</p> <p>Bæta aðstöðu fyrir hjól og rafskútur í göturými og bæta tengingar við almenningssamgöngur.</p> | Aðalskipulag Aðalskipulag Aðalskipulag | Sveitarfélög Sveitarfélög Sveitarfélög |



| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|---|--|--|
| 4.2.7 Efla hafnir og sjósamgöngur | <p>Efla vörutransportaði á sjó til að draga úr álagi á vegakerfið.</p> <p>Efla sjósamgöngur við eyjasamfélög og strandsvæði þar sem vegsamgöngur eru takmarkaðar.</p> <p>Tryggja viðhald og uppbyggingu lendingarstaða báta.</p> <p>Efla samstarf milli hafna á Vestfjörðum og greina vaxtarmöguleika fyrir hafsækna atvinnuþróun í lykilhöfnum.</p> <p>þróa hafnaraðstöðu í takt við vaxandi útflutning og umskipun á afurðum frá landshlutinum.</p> <p>Auka sérhæfingu hafna, skilvirkni og getu til að takast á við vaxandi verkefni með auknum samstarfi og/eða sameiningu hafna á Vestfjörðum.</p> | Samgönguáætlun Samgönguáætlun Aðalskipulag Sérverkefni Aðalskipulag Sérverkefni | Ríki Ríki Sveitarfélögin Vestfjarðastofa Sveitarfélögin Vestfjarðastofa |



Skýringar við stefnu um samgöngur

Samgöngur á Vestfjörðum hafa alla tíð verið mikil áskorun vegna landfræðilegra aðstæðna og krefjandi veðurskilyrða. Svæðið einkennist af fjallvegum, ofanflóðahættusvæðum og takmörkuðu undirlendi, sem gerir vegagerð og samgöngur sérstaklega krefjandi. Þetta hefur haft bein áhrif á hreyfanleika íbúa, aðgengi að þjónustu og samkeppnishæfni atvinnulífsins.

Vegakerfi Vestfjarða, hlutverk og framtíðarþróun

Vegakerfið geynir viðamiklu hlutverki með því að tengja vinnu- og þjónustusóknarsvæði Vestfjarða innbyrðis og við aðra landshluta. Íbúar nota vegakerfið daglega með sókn í þjónustu, vinnustaði og skóla. Vegirnir opna á aðgengi heimafólks og gesta að fáförnum náttúruperlum og greiða leið útflutningsgreina á svæðinu.

Undanfarið hefur verið mikil og tímabær áhersla að uppfæra vegakerfið og þjónustu þess til nútímans. Vestfjarðastofa hefur unnið að verkefninu Vestfjarðaleiðin. Stór hluti atvinnulífs Vestfjarða stendur á bak við Innviðafélag Vestfjarða sem stendur á bak við verkefnið Vestfjarðalínan. Á vormánuðum 2025 skipaði svo innviðaráðherra starfshóp til að kanna kosti þess að þeir vegir sem mynda hringleið um Vestfirði fá vegnúmerið 2 sem þýðir að á þeim vegum yrði bætt i vetrarþjónusta og viðhald.

Ófullnægjandi vegakerfi og flöskuhálsar

Þrátt fyrir vegabætur síðustu ár er samgöngukerfið enn veikasti hlekkurinn í innviðum Vestfjarða. Íbúar upplifa óöryggi í vetrarsamgöngum, sérstaklega á fjallvegum og leiðum þar sem ofanflóðahætta er viðvarandi og fjarskiptasamband ótryggt. Vestfirðir eru sá landshluti sem hefur hæst hlutfall fjallvega í lykiltengingum atvinnu- og þjónustusvæða. Þetta hamlar byggðaþróun og atvinnulífi, þar sem snjóþungir fjallvegir eru ekki framtíðarlausn fyrir vaxandi atvinnugreinar á borð við fiskeldi og ferðaþjónustu og samfélög almennt.

Sífelldar frestanir á samgönguframkvæmdum og vantraust á stefnu stjórnvalda

Áralangar frestanir á vegaframkvæmdum hafa dregið úr trausti á samgönguáætlun stjórnvalda. Sem dæmi má nefna hve langan tíma það tók að hefja framkvæmdir við Dynjandisheiði og Gufudalssveit, þrátt fyrir að þær væru á nokkrar samgönguáætlanir á fyrstu áratugum þessara aldar. Afleiðingin er að engin byggð vill að framkvæmdir á sínu svæði séu settar aftar í forgangsröðina, þar sem fyrri reynsla sýnir að slíkt getur þýtt áratugalangar tafir. Á sama tíma er ljóst að samheldni og skýr stefna um forgangsröðun er lykilatriði til að ná árangri.

Orkuskipti í samgöngum

Samkvæmt greiningu Environice á kolefnisspori Vestfjarða árið 2023 má ætla að hlutfall samgangna í heildarlosun Vestfjarða sé 7,9%, sem er sá flokkur losunar sem auðveldast verður að ná árangri í Að auki kemur um 9,5% af heildarlosun frá fiskiskipum, sem kallað einnig á orkuskipti t.d. með vistvænni tækni, rafvæðingu hafna og vistvænum kælikerfum.

Markviss orkuskipti í samgöngum eru einn af þeim þáttum sem stjórnvöld og íbúar hafa bein áhrif á til að draga úr losun gróðurhúsaloftegunda. Þessi staða undirstrikar mikilvægi þess að hraða orkuskiptum og styðja við fjölbreyttar vistvænar lausnir, svo sem rafbíla, hleðslustöðvar, rafvæðingu hafna og vistvænar almenningssamgöngur.

Skortur á vetrarþjónustu og almenningssamgöngum

Vetrarþjónusta hefur ekki verið nægilega mikil á lykilleiðum og þjónustutími takmarkaðri miðað við aðra landshluta, sem hefur hamlandi áhrif á vinnusóknarsvæði, atvinnulífi og menntasókn. Ferðaþjónustan hefur kallað eftir bættri vetrarþjónustu til að lengja ferðamannatímabilið og auka hagkvæmni greinarinnar. Auk þess er framboð almenningssamgangna innan fjórðungsins takmarkað, sem gerir fólkI erfitt fyrir að ferðast án einkabíls. Fjármögnun almenningssamgangna á landsbyggðinni hefur verið takmörkuð, sem hindrar frekari þróun og sambættingu við aðrar samgöngulausnir.



Sjóflutningar og hafnir í lykilhlutverki

Hafnir á Vestfjörðum eru mikilvægir innviðir fyrir atvinnulíf og samfélagi. Þær þjónusta sjávarútveg, fiskeldi, sjóflutninga og ferðapjónustu en aukin umsvif kalla á frekari uppbyggingu og skipulagningu. Aukin eftirspurn er eftir sjóflutningum sem raunhæfum valkostि við vegaflutninga en til þess að hámarka möguleikana þarf að efla innviði og samstarf hafna.

Með auknu samstarfi og/eða sameiningu hafna getur hver höfn styrkt sína sérhæfingu og byggt upp hafnaraðstöðu með mismunandi hlutverk. Þannig má ná fram betri nýtingu starfsfólks og sérhæfðs búnaðar.

Innanlandsflug sem lífæð

Flugvellir á Vestfjörðum eru grunninnviðir fyrir almenningssamgöngur og sjúkraflug. Áætlunarflug eru einu heilsársalmenningssamgöngurnar fyrir stóran hluta Vestfjarða og þjóna sem háhraðatengingu svæðisins við höfuðborgarsvæðið. Landslag og veður eru takmarkandi þættir í að tryggja tíðni flugs, sérstaklega fyrir Ísafjarðarflugvöll. Dregið hefur úr framboði áætlunarflugs undanfarin ár, sem hefur neikvæð áhrif á aðgengi og efnahagslega virkni svæðisins. Loftbrúin hefur veitt mikilvægan stuðning, en markmiðið þarf einnig að vera að auka framboð, fjölgla flugferðum og tryggja viðhald á flugvöllum og lendingarstöðum fyrir sjúkraflug.

Þessi texti þróast í takt við þá greiningu sem Vestfjarðastofa er að vinna nú í augnablikinu.

Framtíðaráskoranir og tækifæri

Innviðaskuld ríkisins á Vestfjörðum er há og nauðsynlegt er að tryggja fyrirsjáanlega fjármögnun samgöngubóta. Innviðafélagið hefur lagt fram metnaðarfulla framkvæmdaáætlun um vegabætur og jarðgangagerð en til að tryggja framgang verkefna þarf skýrt samkomulag um forgangsröðun og fjármögnun. Einnig liggja fyrir drög að greiningu Fjórðungssambandsins á nauðsynlegum úrbótum á öðrum stofnvegum Vestfjarða sem ekki eru hluti af áætlun Innviðafélagsins. Með markvissri stefnumörkun og samvinnu ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs má styrkja samkeppnishæfni Vestfjarða og bæta lífsgæði íbúa til framtíðar.

Nánari upplýsingar um stöðu samgöngumála á Vestfjörðum er að finna í stöðumatsskýrslu svæðisskiplagsins.



4.3 Orkuflutningur og fjarskipti

Orkuflutningar og fjarskipti eru grundvallarinnviðir fyrir búsetuskilyrði og atvinnulíf í landshlutanum og styðja við samfélagslegar og tæknilegar framfarir. Traustur orkuflutningur er forsenda fyrir orkuskiptum og betri orkunýtni á Vestfjörðum og skipta því sköpum til að draga úr losun kolefnis.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur eftirfarandi markmið um framtíðarfyrirkomulag orkuflutninga og fjarskipta.

Markmið

- 4.3.1 Auka afhendingargetu raforku á Vestfjörðum.
- 4.3.2 Tryggja áreiðanlega afhendingu raforku með nútímalegu flutningskerfi sem þolir erfiðar veðuraðstæður og styður við byggðaþróun og atvinnulíf.
- 4.3.3 Tryggja Vestfirðingum fullkomna fjarskiptaþjónustu í takt við tækniframfarir, með áherslu á öryggi, aðgengi og þjónustu í öllum byggðakjörnum og á vegakerfi landshlutans.



Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|---|---|---|
| 4.3.1 Auka afhendingargetu raforku á Vestfjörðum. | Tenging nýrra virkjana á Vestfjörðum við flutningskerfið sé sett í forgang til að tryggja aðgengi að aukinni raforku á Vestfjörðum fyrir orkuskipti og atvinnuuppbyggingu. Meðhöndla skipulagsáætlanir og leyfisveitingar fyrir framkvæmdir við flutnings- og dreifikerfi raforku við fyrsta hentugleika. | Innviðaáætlun /Kerfisáætlun Aðalskipulag | Vestfjarðastofa / Landsnet Sveitarfélög |
| 4.3.2 Tryggja áreiðanlega afhendingu raforku með nútímalegu flutningskerfi sem þolir erfið veðurskilyrði og styður við byggðaþróun og atvinnulíf. | Tryggja afhendingaröryggi með tvítengingu allra afhendingarstaða og styrkingu flutnings- og dreifikerfis raforku Auka afhendingaröryggi heimila og almennra notenda með markvissri viðhalds- og uppbyggingaráætlun flutningskerfis. Tryggja að dreifikerfi raforku styðji við aukna rafvæðingu í samgöngum og atvinnulífi, m.a. með nægilegri flutningsgetu fyrir hleðslustöðvar. | Kerfisáætlun Kerfisáætlun Kerfisáætlun / Aðalskipulag | Landsnet / Orkubú Vestfjarða Landsnet / Orkubú Vestfjarða Landsnet / Sveitarfélög |
| 4.3.3 Tryggja fullkomna fjarskiptaþjónustu í takt við tækniframfarir, með áherslu á öryggi, aðgengi og þjónustu í öllum byggðakjörnum. | Ljúka ljósleiðaratengingu á öllum þéttbýlissvæðum svo íbúar og atvinnulíf hafi aðgang að nýjustu kynslóð net- og gagnaflutningskerfum. Tryggja þarf farnet á öllum stofn- og tengivegum, sem og á fjölförnum ferðamannaleiðum og við náttúruperlur. Styrkja öryggi fjarskipta með varaafslausnum á lykilstöðum og uppbyggingu neyðarfjarskipta á fjarskiptalausum svæðum. | Sérverkefni Innviðaáætlun / Fjarskiptaáætlun Innviðaáætlun / Fjarskiptaáætlun | Sveitarfélög / Ríkið Vestfjarðarstofa / Ríkið Vestfjarðarstofa / Ríkið |



Skýringar við stefnu um orkuflutninga og fjarskipti

Tengingar við landskerfið og aukin raforkuframleiðsla

Raforku- og fjarskiptainnviðir skipta sköpum fyrir búsetuskilyrði, atvinnulíf og öryggi íbúa. Öflugt og samtengt raforkuflutningskerfi er nauðsynlegt til að tryggja örugga afhendingu og gæði raforku. Vestfirðir hafa um áratuga skeið glímt við veikt afhendingaröryggi, þar sem landshlutinn er aðeins tengdur meginflutningskerfi raforku um eina flutningslinu og án stórra vatnsaflsvirkjana sem veitt gætu nægan kerfisstyrk. Dreifikerfi raforku glímir einnig við þá áskorun að fjarlægðir eru miklar en notendur fáir. Erfið veðurskilyrði og aldur innviðanna valda tíðum bilunum á flutnings- og dreifikerfi raforku.

Takmörkuð tenging við byggðalínu flutningskerfis raforku hefur valdið því að Vestfirðir þurfa reglulega að reiða sig á vara afl, með tilheyrandi kostnaði og mengun. Því þarf að sjá til þess að Vestfirðir séu sjálfum sér nógir um raforku eins og hægt er. Framtíðarlausnir felast í tvítengingu raforkukerfisins, með aukinni raforkuframleiðslu innan fjórðungsins og, með tíð og tíma, styrkingu tengingar við byggðalínu. Til skemmri tíma skiptir tenging Hvalárvirkjunar, og mögulegra annarra virkjana í Ísafjarðardjúpi, við kerfið mestu máli til þess að Vestfirðingar fái aukið aðgengi að áreiðanlegri, endurnýjanlegri raforku.

Fjarskipti sem grundvöllur nútímasamfélags

Fjarskipti eru forsenda fyrir þjónustu, öryggi og atvinnupróun í nútímasamfélagi. Ljósleiðaravæðing hefur fært flestum íbúum Vestfjarða betri nettengingar en það þarf að sjá til þess að það verkefni sé klárað. Farsímasamband er víða ófullnægjandi á löngum köflum í stofn- og tengivegakerfinu en einnig á fjölförnum ferðamannaleiðum og útvistarsvæðum. Þessi staða skapar áhættu fyrir bæði íbúa og ferðamenn. Styrking fjarskiptainnviða, þar á meðal úrbætur á farsímasambandi á lykilvegum og á helstu ferðamannaleiðum, er forgangsmál til að tryggja öryggi og aðgengi að þjónustu.

Undirbúninngur fyrir innviðaþróun

Sveitarfélög og ríki þurfa að vinna saman að forgangsröðun umbóta í orkuflutningum og fjarskiptum. Skipulagsáætlanir þurfa að taka mið af uppbyggingu nýrra flutningslína, dreifikerfa og fjarskiptainnviða, með áherslu á að jafna aðgengi og bæta afhendingaröryggi alls staðar á Vestfjörðum.

Nánari upplýsingar um stöðu orkuflutninga og fjarskipta á Vestfjörðum er að finna í stöðumatsskýrslu svæðisskipulagsins.



5 Samfélagsauður

Leiðarljós

Vestfirðir búa yfir öflugum samfélagsauði sem einkennist af samheldni, sjálfstrausti, þátttöku og fjölbreytileika. Fólksfækkun, skortur á bjónustu og tækifærum til menntunar gætu veikt samfélagið. Því þarf að hlúa að samfélagsauðnum með því að styrkja lýðheilsu, félagsleg tengsl, farsæld barna og bjónustu við íbúa. Það verður gert með því að hækka menntunarstig, styðja við fjölmenningu og efla samfélagsþróun með samráð og samstarf að leiðarljósi

Sveitarfélögin á Vestfjörðum sameinast um þetta leiðarljós og setja sér sameiginleg markmið sem falla undir:

- Samfélagsþróun og samstarf
- Lýðheilsu
- Þekkingu og færni

Við viljum að Vestfirðir séu:

- Samfélag samheldni og fjölbreytileika sem tekur opnum örmum á móti nýjum íbúum.
- Svæði þar sem hamingja og heilsa íbúa eru í forgrunni og grunnbjónusta nær til allra.
- Umhverfi sem laðar að sérhæft fólk og eykur aðgengi að þekkingu og menntun í heimabyggð.





5.1 Samfélagsþróun og samstarf

Vestfirðir standa frammi fyrir samfélagsbreytingum þar sem fjölgun íbúa, fjölbreyttari samfélagssamsetning og aukin þörf fyrir sveigjanlega þjónustu kalla á nýjar áherslur. Sveitarfélögin þurfa að takast á við umfangsmikil verkefni og breyttar þarfir með sterkari samvinnu, betra skipulagi og markvissri þjónustu við fjölbreyttan hóp íbúa. Húsnæðismál, inngilding nýrra íbúa og þjónusta við fjölbreyttan íbúahóp eru meðal brýnustu viðfangsefna til að tryggja sjálfbæra samfélagsþróun.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur eftirfarandi markmið um samfélagsþróun og samstarf sveitarfélaga:

Markmið

- 5.1.1 Efla getu sveitarfélaga til að veita fjölbreytta þjónustu og takast á við sérhæfðari verkefni.
- 5.1.2 Skapa eftirsóknarvert, opið og fjölbreytt samfélag með áherslu á inngildingu og virka þátttöku allra íbúa.
- 5.1.3 Tryggja fjölbreytt, hagkvæmt og aðgengilegt íbúðarhúsnæði sem mætir þörfum nútímasamfélags.





Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|--|--|---|
| 5.1.1 Efla getu sveitarfélaga til að veita fjölbreytta þjónustu og takast á við sérhæfðari verkefni. | Auka getu samfélagsins til að tryggja farsæld barna, veita öldruðum góða þjónustu og mæta annarri samfélagsþróun með góðri samvinnu og samtali milli sveitarfélaga, ríkis og annarra aðila. Styrkja faglega og fjárhagslega getu sveitarfélaga til að sinna sérhæfðum verkefnum með samstarfi og/eða sameiningum. Vinna markvisst að samræmingu í þjónustu og upplýsingakerfum sveitarfélaga, m.a. á sviði velferðar, skipulags og húsnæðismála. | Sérverkefni Sérverkefni Sérverkefni | Vestfjarðastofa / Ríkið Vestfjarðastofa / Ríkið Vestfjarðastofa / Ríkið |
| 5.1.2 Skapa eftirsóknarvert, opið og fjölbreytt samfélag með áherslu á inngildingu og virka þáttöku allra íbúa. | Stuðla að markvissri þáttöku allra íbúa í samfélagini óháð uppruna, aldri, kyni eða stöðu með virkri stefnu sveitarfélaga um inngildingu. Efla tengslamyndun og samskipti milli ólíkra hópa með stuðningi við samfélagsverkefni, félagasamtök og viðburði þar sem fólk hittist þvert á þjóðfélagshópa. Tryggja aðgengi að íslenskukenndu fyrir erlenda íbúa. Hvetja ungmenni og erlenda íbúa til þáttöku í samfélagsumræðu og tryggja þeim aðgengi að lýðræðislegum ferlum. | Sérverkefni Sérverkefni Menntastefna Sóknaráætlun | Sveitarfélög Sveitarfélög Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |
| 5.1.3 Tryggja fjölbreytt, hagkvæmt og aðgengilegt íbúðarhúsnæði sem svarar þörfum nútímasamfélags | Móta sameiginlega stefnu sveitarfélaga um fjölbreytt húsnæði og sveigjanlegri búsetukosti sem taka mið af breyttri íbúa- og fjölskyldusamsetningu. Byggja nægt og nægilega fjölbreytt húsnæði fyrir íbúa og fólk sem kemur til skamrar dvalar. Samræma skipulagsstefnu og húsnæðisáætlanir sveitarfélaga til að jafna betur framboð og eftirspurn og styðja við sjálfbæra byggðaþróun. | Aðalskipulag Aðalskipulag / Húsnæðisáætlanir Aðalskipulag / Húsnæðisáætlanir | Sveitarfélög Sveitarfélög Sveitarfélög |



Skýringar við stefnu um samfélagsþróun og samstarf

Samfélagsauður og áskoranir framtíðar

Vestfirðir búa að dýrmætum samfélagsauði sem felst í sterkum félagslegum tengslum, þáttöku íbúa og samheldni. Slíkur auður er grunnstoð sjálfbærar byggðaþróunar og lykilforsenda þess að samfélög geti tekið á móti nýjum íbúum, tekist á við breytingar og dafnað til framtíðar.

Fólksfjöldaþróun síðustu ára gefur tilefni til bjartsýni. Íbúum hefur fjölgæð eftir langvarandi fækku og svæðið fylgir nú sveiflu landsmeðaltals. Þessi viðsnúnингur hefur einkum átt sér stað í þéttbýli, þar sem uppbygging í atvinnulífi og grunninnviðum hefur skipt sköpum. Á sama tíma standa Vestfirðir frammi fyrir sömu lýðfræðilegu áskorunum og þekkjast annars staðar í hinum vestræna heimi. Fæðingartíðni lækkar, meðalaldur hækkar og fólksfjölgun byggist ekki lengur á náttúrulegri fjölgun heldur innflutningi.

Til að tryggja sjálfbæra samfélagsþróun þarf að bregðast við þessari þróun með heildstæðri nálgun á búsetuskilyrði, þjónustu og aðgengi að húsnæði. Svæði sem byggja á fjölbreyttum atvinnukostum, öflugu samfélagsneti og nálægð við náttúru geta verið eftirsóknarverð þrátt fyrir afskekkta stöðu. Miðað við margar sambærilegar jaðarbyggðir á Norðurlöndum eru Vestfirðir enn ungt og þróttmikið samfélag.

Samstarf og stjórnsýsluleg geta sveitarfélaga

Breytt verkefni og auknar kröfur kalla á að sveitarfélögin efli getu sína til að sinna þjónustu, skipulagsmálum og velferðarverkefnum á markvissan og skilvirkan hátt. Fámenn sveitarfélög eiga í erfiðleikum með að standa undir sífellt vaxandi þjónustukröfum og þurfa oft að treysta á aðra, einkum

nágrannasveitarfélög, við veitingu lögbundinnar og ólögbundinnar þjónustu. Þótt slíkt samstarf geti verið gagnlegt til skemmri tíma, dregur það til lengri tíma úr sjálfstæði viðkomandi sveitarfélaga.

Sameiginleg stefnumótun, samræmd þjónusta og sterk stjórnsýsla eru lykilatriði í að efla getu sveitarfélaga til framtíðar. Með sameiningu eða auknu samstarfi og þróun sameiginlegra kerfa og lausna má mæta breyttum þörfum íbúa á skilvirkan hátt.

Fjölmenning og fjölbreyttir búsetukostir

Hlutfall íbúa af erlendum uppruna hefur vaxið hratt og er nú hátt í mörgum byggðarkjörnum. Með því að tryggja aðgengi að íslensku kennslu og upplýsingum á fleiri tungumálum, og styðja tengslamynund milli ólíkra hópa, er hægt að byggja samfélag þar sem allir fá að blómstra. Félagasamtök, samfélagsverkefni og viðburðir gegna þar lykilhlutverki.

Núverandi húsnæðisgrunnur endurspeglar ekki lengur breytta samfélagsmynd. Fjölgun einstaklinga og minni heimila, aukin þörf fyrir tímabundna búsetu, kalla á fjölbreyttari og hagkvæmari búsetukosti. Sameiginleg stefna sveitarfélaga um húsnæðisuppbryggingu og nýtingu eldra húsnæðis getur stuðlað að auknu jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar.

Til að viðhalda samkeppnishæfni og laða að ungt fólk, fjölskyldur og séfræðinga þarf að byggja upp samfélög sem bjóða upp á lífsgæði, trausta nærbjónustu og fjölbreytt tækifæri. Þetta krefst skýrrar framtíðarsýnar og samstöðu sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Nánari upplýsingar um stöðu samfélagsþróunar og samstarfs á Vestfjörðum er að finna í stöðumatsskýrslu svæðisskipulagsins.



5.2 Lýðheilsa og heilbrigðisþjónusta

Vestfirðingar glíma að mörgu leyti við sömu áskoranir og aðrir landsmenn hvað varðar hreyfingu, heilbrigð ílfernir og félagslíf. Margir Vestfirðingar nýta sér nálægð við náttúruna til útvistar og mörg ungmenni stunda íþróttir en of hátt hlutfall, einkum fullorðinna, stundar litla sem enga hreyfingu. Virk þátttaka í félagslífi keppir við aðra afþreyingu og samfélagsmiðla. Einnig hefur fækkað þeim stöðum sem skapa vettvang óformlegra samskipta og samveru fólks í daglegu amstri, svo sem útibúum þjónustu.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur eftirfarandi markmið um lýðheilsu og heilbrigðisþjónustu:

Markmið

- 5.2.1. Efla frumkvæði og innviði til hreyfingar og heilbrigðs lífernис.
- 5.2.2 Standa vörð um svæði sem eru mikilvæg fyrir reglubundna útvist íbúa.
- 5.2.3. Efla staði og félagsskap þar sem fólk hittist og nýtur samveru og styrkir samfélagslega upplifun.
- 5.2.4 Bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu og draga úr heilsufarslegum ójöfnuði.





Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|--|--|---|
| 5.2.1 Efla frumkvæði og innviði til hreyfingar og heilbrigðis lifernis. | Efla íþróttafélög og félög sem stuðla að reglubundinni hreyfingu ungmenna og almennings alls. Huga að sundlaugum og íþróttaaðstöðu þannig að sem flestir finni hreyfingu við hæfi og gera íþróttaaðstöðu aðgengilega sem flestum. Styrkja félög og frumkvæði þar sem eldri íbúar njóta hreyfingar og samvista. | Sóknaráætlun Aðalskipulag Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa Sveitarfélög Vestfjarðastofa |
| 5.2.2 Standa vörð um svæði sem eru mikilvæg fyrir reglubundna útvist íbúa. | Kortleggja þau svæði sem íbúar nota til reglubundinnar útvistar. Tryggja í skipulagi aðgengi að þeim svæðum sem eru mikilvæg íbúum til útvistar. Merkja göngu- og skíðaleiðir sem íbúar halda upp á. | Aðalskipulag Aðal- og deiliskipulag Sóknaráætlun | Sveitarfélög Sveitarfélög Vestfjarðastofa |
| 5.2.3 Efla staði og félagsskap þar sem fólk hittist og nýtur samveru og styrkir samfélagslega upplifun. | Hlúa að félagsstarfi sem byggist á opinni þátttöku og þar sem jafningjar hvetja aðra til þátttöku í samfélaginu. Efla félagsmiðstöðvar og félagsstarf ungmenna. Efla staðina þar sem fólk hittist, hvort sem eru sundlaugar, bókasöfn, félagsheimili eða verslun. Huga að félagslega mikilvægu hlutverki þessara stofnana samfélagsins | Sóknaráætlun Aðalskipulag / Menningarstefna Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa Sveitarfélög / Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |
| 5.2.4 Bæta aðgengi að heilbrigðisþjónustu og draga úr heilsufarslegum ójöfnuði | Vinna að jöfnu aðgengi að heilbrigðisþjónustu óháð búsetu, með þjónustu í nærumhverfi og nýtingu stafrænna lausna. Efla fjarheilbrigðisþjónustu og byggja upp aðstöðu fyrir hana í þjónustukjörnum þjónustu- og vinnusóknarsvæða. Styðja við samfellda þjónustu á forsendum íbúa með aukinni samvinnu heilbrigðisstofnana | Sérverkefni Sérverkefni Sérverkefni | Vestfjarðastofa / Ríkið Vestfjarðastofa / Ríkið Vestfjarðastofa / Ríkið |



Skýringar við stefnu um lýðheilsu og heilbrigðisþjónustu

Hreyfing og útvist sem grundvöllur heilsu

Vestfirðingar lifa að mörgu leyti heilsusamlegu lífi. Nálægðin við stórbrotna náttúru dregur marga út í fjöru eða upp á fjall. Þó að bíllinn sé helsti fararmáttinn milli þéttbýlisstaða eru margir sem ganga og hjóla innanbæjar, til og frá vinnu og skóla. Þó er hlutfall þeirra sem hreyfa sig lítið sem ekkert svipað eða hærra en landsmeðaltalið. Mörg ungmenni hreyfa sig reglubundið á Vestfjörðum en um þriðjungur fullorðinna stundar litla rösklega hreyfingu. Í íþróttastarfi þarf einnig að huga að hreyfingu fullorðinna.

Víða eru staðirnir þar sem íbúar njóta útvistar ekki tryggðir í skipulagi. Staðir þar sem börn una sér úti við, fjaran, sleðabrekkan eða móinn, eru sjaldnast merktir á skipulagsupprætti. Þó að Vestfirðir séu ríkir af stórfenglegri náttúru, þarf meiri viðurkenningu og vernd fyrir nærsvæðin sem eru íbúum mikilvæg lífsgæði. Það þarf að hafa í huga að útvist íbúa í daglegu lífi er oft allt annars eðlis en útvist ferðalanga og þarf að gæta á annan hátt.

Meiri hamingja, minni einmanaleiki

Færri upplifa streitu á Vestfjörðum en annars staðar á landinu. Áhættuhugðun á borð við áfengis- og vímuefnaneyslu er sjaldgæfari og reykingar á pari við landsmeðaltalið. Til skamms tíma voru Vestfirðingar enda hamingjusamari en meðal-Íslendingurinn. Það jafnvægi raskaðist í heimsfaraldrinum og á eftir að sjá hver þróunin verður.

Einmanaleiki hafði þegar aukist fyrir heimsfaraldurinn. Í samráði kom fram að þáttökusamfélagið, sem hefur verið grundvöllur félags- og menningarlífss Vestfirðinga, á í harðri samkeppni við sófann og símann. Félagsstarf þar sem þátttaka er opin öllum er hornsteinn samfélagsins og auðveldar einnig nýjum íbúum að aðlagast samfélagini.

Samfélagið á stöðugt færri staði þar sem fólk hittist, eftir því sem útibúum grunnþjónustu fækkar. Sundlaugar, bókasöfn og búðir eru mikilvæg, ekki bara vegna þjónustunnar sem þau veita, heldur einnig sem samkomustaðir samfélagsins.

Lakara aðgengi að heilbrigðisþjónustu

Vestfirðingar sækja heilbrigðisþjónustu í minna mæli en landsmenn að meðaltali. Sennilega er þetta ekki vegna þess að Vestfirðingar séu almennt heilsuhraustari. Á Vestfjörðum eru fleiri sem gefa eigin heilsu slæma einkunn en annars staðar á landinu. Þetta á bæði við um andlega og líkamlega heilsu. Minni notkun á heilbrigðisþjónustu má því ekki túlka sem góða heilsu, heldur frekar minna aðgengi að heilbrigðisþjónustu en í öðrum landshlutum.

Aðgengi að sérhæfðri þjónustu, sérstaklega vegna andlegrar heilsu eða atferlisraskana, er takmarkað. Þau sem þurfa slíka aðstoð leita mun oftar til heilsugæslu og sjaldnar til séfræðinga en aðrir Íslendingar. Til að mæta þessari stöðu þarf að bæta stoðkerfi og innviði fyrir stafræna og staðbundna heilbrigðiþjónustu á Vestfjörðum. Þannig má jafna aðgengi að þjónustu þannig að hún nýtist öllum.

Nánari upplýsingar um stöðu lýðheilsu á Vestfjörðum er að finna í stöðumatsskýrslu svæðisskipulagsins



5.3 Þekking og færni

Þekking og færni eru lykilstoðir samfélags og atvinnulífs. Á Vestfjörðum þarf að tryggja að íbúar hafi raunverulegt aðgengi að menntun á öllum skólastigum, í heimabyggð eða í fjarnámi. Jafnframt þarf að styðja við þá þekkingarsköpun sem fer fram á svæðinu og tryggja að hún nýttist atvinnulífi, stjórnsýslu og samfélagi í heild.

Í fjórðungnum er víða öflug mennta- og rannsóknastarfsemi sem mikilvægt er að samhæfa og styrkja. Með markvissu samstarfi sveitarfélaga, fræðasamfélags og atvinnulífs má bæði stuðla að framþróun rannsókna og efla getu samfélagsins til að takast á við framtíðaráskoranir. Þá er mikilvægt að móta skýra sýn á færniþarfir og vinna markvisst að því að þær verði uppfylltar.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur eftirfarandi markmið um eflingu þekkingar og færni.

Markmið

- 5.3.1 Styrkja aðgengi að fjölbreyttri menntun í heimabyggð.
- 5.3.2 Byggja upp lærðómssamfélag til að mæta þörfum samfélagsins.
- 5.3.3 Nýta og efla þekkingarsköpun á Vestfjörðum.





Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|--|--|---|
| 5.3.1 Styrkja aðgengi að fjölbreyttri menntun í heimabyggð. | <p>Tryggja börnum og ungmennum góða menntun sem veitir þeim gott veganesti inn í framtíðina og til framhaldsnáms.</p> <p>Styrkja leikskólastigið til að stuðla að farsæld allra barna og veita öllum góðan grunn fyrir lífið.</p> <p>Styðja við öflugt framboð starfs- og framhaldsskólamenntunnar. Styðja við þróun námsleiða sem henta ólíkum hópum og tengjast atvinnulífi fjórðungsins.</p> <p>Efla fjarnám og bæta aðstöðu til fjarvinnu og fjarnáms í byggðarkjörnum.</p> <p>Efla háskóla og rannsóknastofnanir á Vestfjörðum og tengsl þeirra við atvinnulíf og samfélag.</p> | Menntastefna Menntastefna Menntastefna Menntastefna Menntastefna | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |
| 5.3.2 Byggja upp lærðómssamfélag til að mæta þörfum samfélagsins. | <p>Efla samstarf milli skóla, atvinnulífs og samfélags til að þroa þekkingarstefnu.</p> <p>Greina framtíðarþarfir í sérhæfðri færni og menntun og vinna sameiginlegar lausnir í námsframboði.</p> <p>Vinna að samstarfi sveitarfélaga um samnýtingu mannaúðs og sérfræðiþekkingu í lögbundnum verkefnum.</p> | Sérverkefni Menntastefna Sérverkefni | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |
| 5.3.3 Nýta og efla þekkingarsköpun á Vestfjörðum. | <p>Styrkja samstarf rannsóknastofnana, atvinnulífs og sveitarfélaga og auka miðlun þekkingar til samfélagsins.</p> <p>Efla samstarf menntastofnana, atvinnulífs og stjórnsýslu um stærri rannsóknarverkefni.</p> <p>Hvetja til nýsköpunar og þekkingardrifinna lausna í atvinnu- og samfélagsþróun.</p> | Sérverkefni Sérverkefni Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |



Skýringar við stefnu um þekkingu og færni

Menntun í heimabyggð

Skólastarfsemi sveitarfélaganna miðar að því að einstaklingar öðlist grunnþekkingu, áhuga og færni til að sækja sér aukna þekkingu. Mikilvægt er að leikskólastigið sé vel undir það búið að veita börnum snemmbúna aðstoð eftir þörfum. Því fyrr sem börn fá aðstoð eftir þörfum, þeim mun líklegri er hún til árangurs.

Aðgengi að menntun í heimabyggð skiptir sköpum fyrir samfélagið, bæði fyrir einstaklinga sem vilja efla færni sína og lífsgæði og fyrir atvinnulíf sem byggir á aðgengi að fjölbreyttum mannauði. Þessi þróun hefur áhrif á jafnvægi byggðarlaga, þar sem konur eru líklegri til að flytja í burtu til náms og starfa. Á Vestfjörðum er hlutfall íbúa með háskólamenntun lægra en á landsvísu og kynjahalli í menntun er áberandi: 27% kvenna hafa lokið háskólanámi en aðeins 15% karla. Þá er mikill kynslóðamunur meðal kvenna, yngri konur eru mun líklegri til að hafa sótt sér menntun en eldri kynslóðir. Meðal karla er slíkur munur varla til staðar.

Þótt háskólamenntun henti ekki öllum, dregur færni og menntun umfram grunnskólastig úr hættu á atvinnuleysi, styður við betri lífskjör og skapar rými til nýsköpunar og vaxtar í atvinnulífi. Ekki eiga allir heimangengt til náms. Efla þarf menntunarkostí í heimabyggð, styðja við fjölbreytt námsform, fjarnám og sveigjanlegar lausnir svo að fleiri og fjölbreyttari hópar geti aukið við þekkingu sína án þess að flytja.

Aðgengi að færni og þekkingu í atvinnulífinu

Vinnumarkaðurinn á Vestfjörðum kallar á fjölbreytta sérhæfingu en erfitt hefur reynst að manna sum störf, einkum í opinberri þjónustu og iðn- og

tæknigreinum. Samtöl í vinnslu svæðisskipulags hafa varpað ljósi á skort á tiltekinni þekkingu sem erfitt er að manna innan fjórðungsins.

Samræmd nálgun sveitarfélaganna á þekkingarstefnu og samnýtingu sérfræðiþekkingar í lögbundnum verkefnum getur styrkt getu þeirra og stuðlað að meiri sveigjanleika og hagræði. Meðal annars hafa komið fram hugmyndir um hvort endurvekja eigi sameiginlega skólaskrifstofu.

Á Vestfjörðum er hærra hlutfall fólks á vinnumarkaði yfir 55 ára að aldri en í öðrum landshlutum. Slíkt getur verið áhyggjuefni fyrir atvinnulífið, ef illa gengur að fylla skörðin þegar starfsfólk fer á eftirlaun. Því er jákvætt að sjá að undanfarin ár hefur fjölgæð í aldurshópunum sem munu bera atvinnulífið uppi til framtíðar. Þó getur verið að einstakar atvinnugreinar eigi erfitt með nýliðun og nauðsynlegt að greina það nánar.

Samstarf um þekkingarsköpun og rannsóknir

Á Vestfjörðum er að finna fjölbreyttar rannsóknareiningar og menntastofnanir sem sinna mikilvægum verkefnum á sviði sjávarútvegs, líffræði, menningar og samfélagsfræða. Þar má nefna Háskólastetur Vestfjarða, rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Hólmavík og í Bolungarvík, Hafrannsóknarstofnun, Matís, Náttúrustofu Vestfjarða, Umhverfisstofnun og fleiri aðilar.

Samfélagið getur haft meiri ávinning af þessari þekkingarsköpun ef samtal við atvinnulíf, stjórnsýslu og íbúa er styrkt og miðlun efla. Með sterkari tengslum og samhæfingu má einnig sækja samstarf um stærri rannsóknaverkefni sem nýtast fjórðungnum sem heild og efla starfsemi viðkomandi aðila.

Nánari upplýsingar um stöðu þekkingar og færni á Vestfjörðum er að finna í stöðumatsskýrslu svæðisskipulagsins



6 Atvinna og nýsköpun

Leiðarljós

Auðlindir lands og sjávar eru grunnstoðir atvinnulífs og nýsköpunar á Vestfjörðum þar sem útflutningsdrifið hagkerfi hefur einkum byggt á frumframleiðslu. Aukin fjölbreytni í atvinnulífi, með áherslu á nýsköpun, er lykillinn að því að tryggja svæðinu sjálfbærana vöxt og viðnámsþrótt.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum sameinast um þetta leiðarljós og setja sér sameiginleg markmið sem falla undir:

- Samstarf um stöðuga þróun og eflingu atvinnulífs
- Nýsköpun og virðisaukning
- Sjálfbærni og hringrásarhagkerfið
- Ferðapjónusta á grunni gæða og sérstöðu

Við viljum að á Vestfjörðum séu:

- Svæði þar sem samskipti sveitarfélaga og atvinnulífs einkennast af gagnkvæmri virðingu, trausti og sameiginlegum skilningi á áskorunum og verkefnum hvers um sig.
- Frjór jarðvegur fyrir þróa hugmyndir og verkefni, bæði hagnaðardrifin og samfélagsmiðuð.
- Öflugt, sjálfbært og sveigjanlegt atvinnulíf sem getur aðlagast samfélags- og loftslagsbreytingum.
- Kraftmikil heilsárs ferðapjónusta byggð á einstakri náttúru, fjölbreyttri menningu, sögum og mat úr héraði.





6.1 Samstarf um öflugt atvinnulíf

Fjölbreytt, skapandi og þróttmikið atvinnulíf er forsenda vaxtar og viðgangs á Vestfjörðum. Samstarf atvinnulífs, sveitarfélaga, menntastofnana, félagasamtaka og ríkisins þarf að vera virkt. Mikilvægt er að til staðar sé sameiginlegur skilningur á þörfum allra sem hlutverk hafa í uppbyggingu atvinnulífs og samhljómur þarf að ríkja um atvinnuþróun á svæðinu.

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki í að tryggja skilvirka, stafræna og fyrirsjáanlega þjónustu sem byggir á trausti og gagnsæi. Þjónusta og innviðir þurfa að þróast í takt við þarfir atvinnulífsins og samfélagsins í heild. Með móton sameiginlegrar atvinnustefnu og skýrri forgangsröðun innan hvers atvinnusvæðis verður unnt að efla samkeppnishæfni og nýta sérstöðu Vestfjarða til framtíðar.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur eftirfarandi markmið varðandi samstarf um öflugt atvinnulíf.

Markmið

- 6.1.1. Auka samstarf og samhljóm milli hagaðila
- 6.1.2. Efla þjónustu og innviði sveitarfélaga
- 6.1.3. Atvinnustefnu fyrir svæðið í heild og einstaka atvinnusvæði





Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|--|---|---|
| 6.1.1 Auka samstarf og samhljóm milli hagaðila. | <p>Greina hvar skortur á innviðum eða samhæfingu hamlar nýsköpun eða vexti.</p> <p>Stafræn kerfi fyrir samráð, upplýsingamiðlun og samskipti verði nýtt til að auðvelda og auka þáttöku allra í samstarfi.</p> <p>Efla samvinnu um rannsóknir og þróunarverkefni milli háskólasamfélags, opinberra stofnana og atvinnulífs</p> | Innviðaáætlun / Aðalskipulag Sérverkefni | Vestfjarðastofa / Sveitarfélög Vestfjarðastofa |
| 6.1.2 Efla þjónustu og innviði sveitarfélaga. | <p>Endurskoða og bæta þjónustuferla sveitarfélaga með áherslu á að gera þá skilvirkari, gagnsærri og aðgengilegri.</p> <p>Sveitarfélög á Vestfjörðum leitist við að bjóða öfluga stafræna þjónustu í takt við atvinnulífið.</p> | Atvinnustefna Atvinnustefna | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |
| 6.1.3 Atvinnustefna fyrir svæðið í heild og einstök atvinnusvæði. | <p>Móta sameiginlega stefnu og aðgerðaáætlun fyrir atvinnulíf Vestfjarða þar sem sjálfbær verðmætasköpun, samfélagsleg ábyrgð og vernd náttúru eru í forgrunni.</p> <p>Greina og draga fram sérstöðu svæðisins sem atvinnusvæðis og hvetja til fjárfestinga á svæðinu.</p> <p>Skýrar atvinnustefnur verði mótaðar fyrir hvert atvinnusvæði sem leggi áherslu á styrkleika hvers svæðis, samkeppnishæfni og samlegðaráhrif.</p> | Atvinnustefna Atvinnustefna Atvinnustefna | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |



Skýringar við stefnu um samstarf um öflugt atvinnulíf

Fjölbreytt atvinnulíf

Mikil gróska er í atvinnulífi á Vestfjörðum. Vöxtur í lagareldi, ferðaþjónustu, líftækni og nýsköpun hefur á síðustu árum dregið fram nýja drifkrafta í atvinnusköpun. Hefðbundinn sjávarútvegur og vinnsla eru áfram burðarás í mörgum byggðarlögum. Slík gróska krefst samræmdirar sýnar og virks samstarfs milli atvinnulífs, sveitarfélaga, ríkis, menntastofnana og félagasamtaka.

Til að tryggja sjálfbærar vöxt og jafnvægi milli byggðarlaga þarf að byggja atvinnustefnu á framtíðarsýn sem sameinar efnahagslega þróun, vernd náttúru og samfélagslega ábyrgð. Sveitarfélögin gegna þar lykilhlutverki í að veita skýra, skilvirka og stafræna þjónustu sem styður við nýsköpun, verðmætasköpun og öflugt atvinnulíf.

Sameiginleg sýn á atvinnuþróun

Aðráttarafl Vestfjarða felst ekki aðeins í náttúru og hráefnum, heldur einnig í lífsgæðum, þekkingu, sjálfbærni og öflugum samfélögum. Byggðarannsóknir draga fram mikilvægi þess að samfélög rækta ímynd sína og styrkleika sem hluta af innlendri og alþjóðlegri samkeppni um fólk, hugvit og fjárfestingu. Með því að setja sjálfbæra verðmætasköpun í forgrunn, geta Vestfirðir laðað að sér fleira framtakssamt fólk og fyrirtæki sem aðhyllast gildi og sérstöðu svæðisins. Slík jákvæð og markviss nálgun er lykillinn að því að byggja upp fjölbreytt og öflugt atvinnulíf til framtíðar.

Samhliða þessari þróun skiptir máli að atvinnustefna svæðisins eflí samfélögin, styðji við menntastefnu, húsnaðismál og nýtingu innviða. Skortur á hentugu húsnæði, þekkingu eða færni getur tafið uppbyggingu í nýjum greinum og torveldað nýliðun í þeim hefðbundnu. Það er því brýnt að tryggja aðbúnað, aðgengi að þekkingu og rými fyrir nýsköpun í öllum byggðarkjörnum. Síðast en ekki síst þarf atvinnustefna að fjalla um hvernig Vestfirðingar geta tryggt að vöxtur atvinnulífs feli ekki í sér óafturkræfar breytingar á náttúru.



6.2 Nýsköpun og virðisaukning

Öflugt nýsköpunarumhverfi er lykilforsenda fjölbreytts og sjálfbærs atvinnulífs á Vestfjörðum. Með því að nýta staðbundnar auðlindir á sjálfbærar hátt, hvetja til frumkvæðis og styðja við rannsóknir, vörubróun og samvinnu má skapa verðmæti í núverandi atvinnugreinum og rými fyrir nýja starfsemi.

Sveitarfélög og stofnanir gegna lykilhlutverki í að styðja frumkvöðla, fyrirtæki og samfélagsverkefni með því að búa til skýra farvegi fyrir þróun hugmynda, tryggja aðgang að stuðningi og styrkja menningu nýsköpunar. Mikilvægt er að virkja krafta nýrra kynslóða og tryggja að skapandi greinar og samfélagsleg nýsköpun eigi sér stað í öllum byggðarkjörnum.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur fram eftirfarandi markmið til að styðja við nýsköpun og virðisaukningu:

Markmið

- 6.2.1 Auka nýsköpun og verðmætasköpun með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda
- 6.2.2 Efla bláa hagkerfið sem grunn sjálfbærs atvinnulífs
- 6.2.3 Sterkt atvinnulíf sem byggir á fjölbreytni og seiglu
- 6.2.4 Nýsköpunarhugsun, vaxtarhugarfar og jákvætt viðmót gagnvart nýjum hugmyndum sem hluti af menningu sveitarfélaga og atvinnulífs.
- 6.2.5 Bæði hagnaðardrifnar hugmyndir og þær sem mæta samfélagslegum áskorunum eiga að geta fundið farveg til framkvæmdar





| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|--|--|--|
| 6.2.1 Auka nýsköpun og verðmætasköpun með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda. | <p>Efla rannsóknir, þróunarverkefni og hagnýtingu hugvits til að fjölga spennandi og verðmætum störfum.</p> <p>Auka vinnslu afurða og bæta nýtingu þeirra.</p> <p>Styðja við nýsköpunarsetur, hópa og tengslanet til að auðvelda deilingu þekkingar og reynslu.</p> <p>Hvetja til margs konar frumkvöðlastarfsemi og nýsköpunarverkefna.</p> | Sóknaráætlun Atvinnustefna Sóknaráætlun Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |
| 6.2.2 Efla bláa hagkerfið sem grunn sjálfbærars atvinnulífs. | <p>Styðja við áframhaldandi þróun sjávarútvegs með áherslu á tæknipróun, gæðastjórnun og fullnýtingu hráefna.</p> <p>Stuðla að ábyrgri og framsækinni uppbyggingu lagareldis í sátt við samfélag og umhverfi.</p> <p>Efla verðmætasköpun úr fjölbreyttum afurðum sjávar og stuðla að nýsköpun sem byggist á hráefnum bláa hagkerfisins sem ekki eru fullnýtt í dag.</p> <p>Efla samvinnu um rannsóknir og þróunarverkefni milli háskólasamfélags, opinberra stofnana og atvinnulífs.</p> | Atvinnustefna Atvinnustefna / Strandsvæðissk. Sóknaráætlun Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa / Sveitarfélög Vestfjarðastofa |
| 6.2.3 Sterkt atvinnulíf sem byggir á fjölbreytni og seiglu. | <p>Efla menntun og símenntun til að mæta breytingum á atvinnulífi og þráa færni starfsfólks.</p> <p>Styðja við þróun hliðargreina í hefðbundnum atvinnugreinum og nýtingu staðbundinna auðlinda.</p> <p>Efla samstarf og net fyrirtækja, sveitarfélaga, stofnana og menntakerfis um að bregðast við breyttum aðstæðum með sveigjanleika og nýsköpun.</p> | Sóknaráætlun Sóknaráætlun Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |



| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|---|---|--------------------------------|-----------------------------------|
| 6.2.4 Nýsköpunarhugsun, vaxtarhugarfar og jákvætt viðmót gagnvart nýjum hugmyndum sé hluti af menningu sveitarfélaga og atvinnulífs. | Hvetja sveitarfélög, skóla og fyrirtæki til að gera nýsköpun og umbætur að hluta af daglegum starfsháttum og menningu. Þróa stuðningsumhverfi og farvegi fyrir nýsköpun og vaxtarhugmyndir innan allra atvinnugreina. Efla samstarf sveitarfélaga, menntastofnana og atvinnulífs um nýsköpunarmenntun og frumkvöðlastarf. | Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa |
| 6.2.5 Hagnaðardrifnar hugmyndir og þær sem mæta samfélagslegum áskorunum finni farveg til framkvæmda. | Styðja sókn fyrirtækja, frumkvöðla og sveitarfélaga í bæði innlenda og erlenda sjóði með góðri upplýsingagjöf og þjónustu. Reglur staðbundinna verkefnasjóða svo sem Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða taki tillit og hvetji til samfélagslegra verkefna. Hvatar og mælikvarðar styðji við samfélagslega drifin verkefni sem fyllt geta í þau þjónustugöt sem hið opinbera og fyrirtæki í hefðbundnum rekstri sinna ekki á strjálbýlum svæðum. | Sóknaráætlun / Aðalskipulag | Vestfjarðastofa / Sveitarfélög |
| | | Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa |
| | | Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa |



Skýringar við stefnu um nýsköpun og virðisaukningu

Nýsköpun er lykilforsenda sjálfbærs og fjölbreytts atvinnulífs. Hún skapar tækifæri fyrir nýja atvinnuvegi, bætir nýtingu auðlinda og eykur verðmætasköpun innan hefðbundinna greina. Á Vestfjörðum er þegar að finna öfluga þekkingu á sviði sjávarútvegs, frumframleiðslu, skapandi greina og samfélagsverkefna sem veitir sterkan grunn til þróunar nýrrar starfsemi.

Til að nýsköpun og frumkvæði blómstri þurfa frumkvöðlar, fyrirtæki og samfélagsverkefni að hafa aðgang að aðstöðu, tengslaneti, stuðningi og fjármögnun á öllum stigum hugmyndavinnu – frá frumhugmynd til vaxtar. Mikilvægt er að nýsköpunaruhverfið sé bæði opíð fyrir hagnaðardrifnum verkefnum og þeim sem bregðast við samfélagslegum áskorunum.

Bláa hagkerfið í forgrunni

Bláa hagkerfið er grunnstoð Vestfjarða til framtíðar. Þar er ekki bara átt við fisk, heldur einnig þang og kalkþörunga, iðnaðarframleiðslu og ferðaþjónustu tengda hafinu. Sérþekking vestfirks samfélags byggir á nálægðinni við hafið og nýtingu þess. Þetta er helsti styrkleiki svæðisins og er frjósamur jarðvegur fyrir margs konar nýsköpun og breiða atvinnusköpun.

Sérstaða svæðisins felst í nálægð við náttúruauðlindir, hreint vatn og ferskt hráefni. Þetta skapar mikil tækifæri til verðmætasköpunar og þróunar í vistvænni framleiðslu. Mikilvægt er að þessi tækifæri verði nýtt með sjálfbærni að leiðarljósi og í sátt við samfélagið og umhverfið.

Hugmyndafræði hringrásarhagkerfis og sjálfbærrar nýtingar auðlinda ætti að vera rauður þráður í nýsköpunarstefnu svæðisins. Bláa hagkerfið – þar sem sjálfbær sjávarútvegur, lagareldi, líftækni og nýting sjávarauðlinda fara saman – býður tækifæri til virðisaukningar og vistvænnar atvinnusköpunar. Með því að styðja við rannsóknir og þróunarverkefni, tengja saman þekkingu og reynslu og efla frumkvöðlastarf í öllum byggðarkjörnum, getur nýsköpun orðið undirstaða atvinnuuppbyggingar á Vestfjörðum.

Það er jafnframt mikilvægt að sveitarfélög og stofnanir tileinki sér nýsköpunarhugsun og geri hana að hluta af eigin menningu. Með jákvæðum viðhorfum og stuðningi við frumkvæði á öllum stigum skapast grunnur að samfélagi sem aðlagast breytingum, tekur þátt í mótu eigin framtíðar og nýtir mannauð og auðlindir til fulls.



6.3 Sjálfbærni og hringrásarhagkerfið

Sjálfbærni og hringrásarhagkerfi eru lykilatriði í framtíðarsýn atvinnulífsins á Vestfjörðum. Með hringrásarhugsun má nýta auðlindir betur, draga úr úrgangi og efla verðmætasköpun í sátt við umhverfi og samfélag. Slík nálgun eykur ekki aðeins rekstrarhagkvæmni heldur stuðlar að nýjum atvinnutækifærum og dregur úr kolefnisspori svæðisins. Vestfirðir geta byggt á styrkleikum sínum í bláa hagkerfinu, nýsköpun og endurnýjanlegri orku og vera leiðandi í innleiðingu hringrásarhugsunar – í sjávarútvegi, matvælaframleiðslu, iðnaði og orkumálum.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur fram eftirfarandi markmið til að styðja við sjálfbærni og hringrásarhagkerfið:

Markmið

- 6.3.1 Hringrásarhagkerfi með áherslu á fullnytingu afurða
- 6.3.2 Sjálfbærni meginstef í starfsemi
- 6.3.3 Nýta tækifæri við orkuskipti og kolefnishlutleysi





Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|---|---|--|---|
| 6.3.1 Hringrásarhagkerfi með áherslu á fullnýtingu hráefnis. | <p>Kortleggja hringrásarhráefni sem falla til í starfsemi á Vestfjörðum og greina nýtingartækifærri þeirra.</p> <p>Efla aðstöðu til nýtingar og geymslu hringrásarhráefna í samstarfi við atvinnulíf og sveitarfélög.</p> <p>Styðja rannsóknir og þróunarverkefni sem miða að því að hámarka nýtingu auðlinda og auka verðmætasköpun í hringrásarhagkerfinu.</p> | Sóknaráætlun Sóknaráætlun Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |
| 6.3.2 Sjálfbærni meginstef í starfsemi. | <p>Efla samtal um loftslagsáhættu vestfirksks atvinnulífs og einstakra atvinnugreina og - svæða.</p> <p>Efla samtal um loftslagsáhættu vestfirksks atvinnulífs og einstakra atvinnugreina og - svæða.</p> <p>Skapa vettvang og miðlunarkerfi þar sem sveitarfélög og fyrirtæki geta deilt lausnum, lært hvert af öðru og þróað sameiginlega sýn.</p> <p>Efla fræðslu, ráðgjöf og innleiðingu vistvænna rekstrarhátta í samvinnu við háskólasamfélag og stofnanir.</p> <p>Nýta skipulagsáætlanir sem tæki til að styðja við sjálfbæra þróun og tryggja lífsgæði til framtíðar.</p> | Atvinnustefna / Aðalskiplag Atvinnustefna / Strandsvæðissk. Strandsvæðissk. / Aðalskipulag Sóknaráætlun Aðalskipulag | Vestfjarðastofa / Sveitarfélög Vestfjarðastofa / Sveitarfélög Sveitarfélög Vestfjarðastofa Sveitarfélög |
| 6.3.3 Nýta tækifæri við orkuskipti og kolefnishlutleysi. | <p>Kortleggja möguleika til orkuskipta í sjávarútvegi, samgöngum og atvinnustarfsemi með áherslu á sjálfbæra orkugjafa.</p> <p>Efla getu íbúa og fyrirtækja á Vestfjörðum til að nýta styrki og tækni til orkuskipta, m.a. með ráðgjöf og fræðslu.</p> | Atvinnustefna Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |



Skýringar við stefnu um sjálfbærni og hringrásarhugsun

Hringrás úr verðmætum hafsins

Ævintýralegur vöxtur Kerecis, sem nýtir fiskroð sem eitt sinn fór til spillis, hefur vakið mikla athygli á hringrásarhagkerfinu. Til þess að stuðla að betri nýtingu hringrásarhráefna, þarf fyrst að þekkja hvað fellur til og hvaða aðstöðu, þekkingu og tækni þarf til að nýta það.

Vestfirðir hafa möguleika á að ryðja brautina í hringrásarhugsun sem byggir á staðbundnum auðlindum og þekkingu. Áherslan á fullnýtingu hráefna, nýsköpun í líftækni og þróun afurða úr þangi, þara, fiskroði og aukaafurðum sjávar hefur þegar skilað verðmætasköpun og nýjum störfum. Aukin nýting og tækniþróun getur umbreytt hráefni í hágæðavöru og vaxandi atvinnugrein.

Einnig er mikilvægt er að hringrásarhugsunin nái til fleiri greina, s.s. bygginga- og framkvæmdageirans, þar sem jarðefni og byggingarefnin geta fengið nýtt líf í stað þess að fara til urðunar. Vestfirðingar þurfa að fylgjast vel með framþróun á hringrásarhagkerfi bygginga- og jarðefna. Þannig má spara akstur og álag á úrgangsmeðhöndlun og yfirleitt hafa byggingar og innviðir lægra kolefnisspor eftir því sem hringrásarhráefni eiga stærri hlut.

Til að efla hringrásarhagkerfið þarf að skilgreina betur þau hráefni sem falla til og styðja við ferla sem tryggja að sem mest af þeim nýtist. Þekking og aðstaða til að greina hringrásarhráefni, þróa nýjar afurðir og miðla lausnum á milli atvinnugreina og sveitarfélaga eru lykilforsendur.

Sjálfbært atvinnulíf

Auknar kröfur um sjálfbæra starfsemi munu hafa stigvaxandi áhrif á alla atvinnustarfsemi á komandi árum. Fyrirtæki sem gera það sem í þeirra valdi stendur til að draga úr áhrifum starfseminnar á loftslag og umhverfi munu vera betur undir framtíðina búin. Loftslagsáhætta fyrirtækja snýst ekki bara um lykilauðlindir sem geta brugðist eða breyst, t.d. fiskigengd. Fyrirtæki munu þurfa að fylgjast vel með breytingum í regluverki og tíðaranda til að halda samkeppnisstöðu sinni og orðspori. Fyrirtæki sem eru meðvituð um loftslagsáhættu sína munu einnig njóta betri kjara á lánum og tryggingum. Þess vegna er mikilvægt að atvinnulífið sé meðvitað um hinar mörgu hliðar loftslagsáhættru og áhrifa á umhverfi og samfélag.

Sjálfbærni þarf að vera leiðarljós í starfsemi bæði opinberra aðila og einkaaðila. Því þarf að styrkja stefnumótun og sýn í umhverfismálum, þar sem sveitarfélög setja markmið um orkunýtingu, úrgangsmál, vistvæn innkaup og samstarf við atvinnulífið um sjálfbærar lausnir.

Orkuskiptalausnir næri notendum

Orkuskipti eru stórt tækifæri á dreifbýlum svæðum, þar sem innviðir eru sveigjanlegri og hægt er að þráð lausnir næri notendum. Með því að nýta staðbundnar orkulindir og styðja orkuskipti í samgöngum, sjávarútvegi og þjónustu má draga úr losun og auka orkuöryggi. Samstarf á svæðinu, á borð við verkefni Bláma í Ísafjarðardjúpi, sýna hvernig má sameina nýsköpun, náttúruvernd og atvinnuþróun í kringum grænar lausnir.



6.4 Ferðaþjónusta á grunni gæða, sérstöðu og sjálfbærni

Vestfirðir geta skarað fram úr sem áfangastaður sem byggir á gæðum, sérstöðu og fjölbreytni. Ferðaþjónustan á að nýtast svæðinu með fjölbreyttum hætti: Fyrir hæglætisferðamenn, ævintýragjarna gesti, farþega skemmtiferðaskipa og þá sem sækjast eftir lúxus og þjónustu. Dýpri tenging, gæði og lengri dvöl eru leiðarljos sem auka virði ferðaþjónustunnar án þess að leggja óþarfa álag á náttúru og samfélag. Vestfirðir eiga að styðja við skipulagðan og sjálfbærana vöxt ferðaþjónustu, þar sem sveitarfélög gegna lykilhlutverki.

Markmið

- 6.4.1 Ferðaþjónusta verði heils árs atvinnugrein.
- 6.4.2 Vestfjarðaleiðin verði styrkt með fleiri áningarstöðum og samræmdu yfirbragði með vandaðan frágang.
- 6.4.3 Vestfirðir séu markaðssettir sem gæðaáfangastaður þar sem gestir staldra við og njóta kyrrðar, náttúru og menningar.
- 6.4.4 Ferðaþjónusta sé rekin í sátt við umhverfi og samfélag.



Kortið sýnir Vestfjarðaleiðina ásamt helstu viðkomustöðum



Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|--|---|--|
| 6.4.1 Ferðabjónusta verði heils árs atvinnugrein. | <p>Sveitarfélög og ferðabjónar vinni áfram að markaðssetningu Vestfjarða sem heils árs áfangastaðar.</p> <p>Unnið verði að lengri opnunartíma lykilstaða í ferðabjónustu og fjölgun atvinnutækifæra utan háannatíma.</p> <p>Efla ævintýraferðabjónustu og vetraríþróttir. Skutulsfjörður verði miðstöð vetraríþróttu á Vestfjörðum.</p> <p>Þjónusta og uppbygging innviða verði efla til að styðja við dreifingu ferðamanna og fjölbreyttar upplifanir.</p> | Áfangastaðaáætlun Atvinnustefna Sóknaráætlun / Aðalskipulag Innviðaáætlun / Aðalskipulag | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa / Sveitarfélög Vestfjarðastofa / Sveitarfélög |
| 6.4.2 Vestfjarðaleiðin verði styrkt sem hringleið ferðamanna. | <p>Sveitarfélög og ferðabjónar sameinist um þróun og uppbyggingu Vestfjarðaleiðarinnar.</p> <p>Samblund af menningu, sögu, náttúru, landslagi og dýralífi verði leiðarstef við þróun ferðaleiðarinnar.</p> <p>Stuðla að vegabótum til þess að Vestfjarðaleiðin sé vel tengd bæði við Norðurland og Dali.</p> <p>Vestfjarðaleiðin verði einstök ferðamannaleið þar sem hönnun og arkitektúr nýrra áningarstaða verði sjálfstætt aðdráttarafl.</p> <p>Áningarstaðir verði skipulagðir með fjölbreyttri þjónustu og upplifun að leiðarljósi</p> | Aðalskipulag Áfangastaðaáætlun Innviðaáætlun Sóknaráætlun Aðalskipulag | Sveitarfélög Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Sveitarfélög |



| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|--|---|---|
| 6.4.3 Sjálfbær og ábyrg ferðaþjónusta í sátt við náttúru og samfélag. | <p>Náttúruvernd sé forsenda áfangastaðauppbryggingar og á lagi stýrt með skipulagi og stýringartækjum í samræmi við burðargetu svæða.</p> <p>Mótuð verði stefna um móttöku skemmtiferðaskipa fyrir alla Vestfirði.</p> <p>Stuðla að ábyrgri landtöku skemmtiferðaskipa utan hafna með samráð við sveitarfélög og stofnanir, þannig að sátt náist milli ferðaþjónustu, náttúruverndar og hagsmuna íbúa.</p> <p>Ferðaþjónar og sveitarfélög hvetji til ábyrgðar og virðingar við náttúru og samfélag í allri miðlun og þjónustu.</p> | <p>Áfangastaðaáætlun / Aðalskipulag</p> <p>Atvinnustefna / Aðalskipulag</p> <p>Atvinnustefna / Aðalskipulag</p> <p>Áfangastaðaáætlun / Aðalskipulag</p> | <p>Vestfjarðastofa / Sveitarfélög</p> <p>Vestfjarðastofa / Sveitarfélög</p> <p>Vestfjarðastofa / Sveitarfélög</p> <p>Vestfjarðastofa / Sveitarfélög</p> |
| 6.4.4 Samhæfa þróun, áætlunargerð og markaðssetningu ferðaþjónustu. | <p>Miðstöðvar ferðaþjónustu verði þróaðar með tengingu við sögu, menningu og þjónustu staða.</p> <p>Hönnun áningarstaða og mannvirkja verði samræmd og styrki upplifun, sjálfbærni og sérkenni Vestfjarða.</p> <p>Unnið verði með fagfólk, heimamönnum og hönnuðum að lausnum sem endurspeglar staðaranda og stuðla að öflugri upplifun ferðamanna.</p> | <p>Áfangastaðaáætlun / Aðalskipulag</p> <p>Áfangastaðaáætlun / Aðalskipulag</p> <p>Sóknaráætlun</p> | <p>Vestfjarðastofa / Sveitarfélög</p> <p>Vestfjarðastofa / Sveitarfélög</p> <p>Vestfjarðastofa</p> |



Skýringar við stefnu um ferðaþjónustu

Atvinna allt árið

Ferðaþjónusta hefur verið í miklum vexti á Vestfjörðum og er að verða ein af stærstu atvinnugreinum fjórðungsins. Enn sem komið er háir bó mikil árstíðasveifla greininni. Meðan svo er, eru tekjur ekki fyrirsjáanlegar og mikil orka getur farið í að ráða og þjálfa starfsfólk í byrjun hverrar vertíðar.

Til þess að ferðaþjónustan geti vaxið frekar, þarf tímabilið að lengjast í báða enda, þar til starfsemin leggst ekki af á veturna. Til þess þurfa vegir að haldast opnir og lykilþjónusta að vera tiltæk allt árið.

Vestfjarðaleiðin er 950 km ferðaleið um Vestfirði og Dali. Ferðaleiðin er í stöðugri þróun en langt er á milli áningarástaða og salernisaðstöðu, sérstaklega á veturna. Áningarástaðir með í það minnsta salernum, eldsneyti og hleðslu eru lykilatriði til að bæta upplifun ferðamanna og tryggja öryggi allra ferðalanga, líka heimamanna.

Með vandvirkni í staðsetningu og hönnun geta áningarástaðirnir einnig aukið upplifun ferðalanga. Markmiðið er að Vestfjarðaleiðin verði einstök ferðamannaleið þar sem hönnun og arkitektúr verði hluti af aðráttaraflí Vestfjarðaleiðarinnar. Meðal annars má líta til þess sem Norðmenn hafa gert við helstu ferðamannaleiðir sínar, Nasjonale turistveier. Þar eru áningarástaðir hannaðir til að bæta við upplifun ferðamanna. Salernis- og nestisaðstöðu er valinn staður þar sem útsýni er fagurt og upplifun aukin til dæmis með útsýnispalli, lítilli veiðibryggju eða sjóbaðsaðstöðu.

Fjölbreytt ferðaþjónusta

Aðráttarafl og ímynd Vestfjarða hefur ávallt verið tengd einstakri náttúru, friðsæld og fjölbreyttri útvist. Ferðaþjónustuaðilar á Vestfjörðum hafa sammælst um að leggja áherslu á yndisferðamennsku, þ.e.a.s ferðalanga sem

ferðast í rólegheitum og sækjast eftir náttúruupplifunum og kynnum við heimamenn. Slík ferðaþjónusta býður einnig upp á markaðssetningu og aukna nýtingu vestfískra matvæla.

Markmið svæðiskipulagsins er að stuðla að ferðaþjónustu sem er sjálfbær, fjölbreytt og styrkir sérstöðu Vestfjarða sem áfangastaðar. Ferðaþjónusta á Vestfjörðum á að byggja á gæðum og dýpri upplifun en ekki eingöngu fjölda gesta. Með því að styðja við hæglætisferðamennsku, lengri dvöl og fjölbreytta upplifun verður hægt að auka virði greinarinnar og lágmarka álag á náttúru og samfélag.

Ferðaþjónusta í sátt við náttúru og samfélag

Viðkvæm náttúrusvæði og samfélög krefjast sérstakrar verndar. Því er mikilvægt að dreifa álagi, vernda náttúru og stuðla að stýrðri nýtingu svæða í sátt við íbúa. Um leið þarf að þróa innviði og þjónustu sem mætir þörfum ferðamanna, bæði í minni og fjölsóttari byggðakjörnum. Ísafjarðarbær hefur verið einn vinsælasti áningarástaður skipagesta á Íslandi. Aukinn fjöldi skemmtiferðaskipa býður upp á tækifæri til að þróa nýjar ferðir og þjónustu fyrir ferðamenn, sem einnig getur nýst heimamönnum og öðrum ferðalöngum. Skýr stefna um móttöku skemmtiferðaskipa og reglur um landtöku utan hafna, líkt og Ísafjarðarbær hefur sett fram, eru mikilvægt tæki til að tryggja jafnvægi milli áhrifa ferðaþjónustu og hagsmuna íbúa, náttúru og atvinnulífs.

Á hinn bóginn geta fjölsóttir staðir einnig liðið fyrir eigin vinsældir. Þegar skip leggur að, flykkjast hundruð gesta út á sama tíma. Fólksfjöldinn dreifist ekki jafnvel og í annars háttar ferðaþjónustu. Bæði heimamenn og aðrir ferðalangar geta fundið fyrir þrengslum og samkeppni um aðgengi að vinsælum stöðum og þjónustu. Einig hefur ásókn í að setja farþega í land utan hafna aukist. Þetta skapar áhættu og getur valdið álagi á náttúru og lífríki, til dæmis selalátur eða varpsvæði fugla.



7 Menningarauður

Leiðarljós

Menning á Vestfjörðum er einstök sameiginleg auðlind sem mótar sjálfsmynnd samfélagsins. Hún byggir á arfi fortíðar en horfir til framtíðar, sem virkur þáttur í þróun sjálfstæðs og skapandi samfélags. Menningarauðurinn stendur frammi fyrir áskorun vegna fámennis og aukinnar samkeppni um athygli. Því þarf að efla forsendur fyrir öflugu menningarlífi, sjálfstæðri listsköpun og verndun menningararfsins. Það verður gert með því að styðja við þátttöku, frumkvæði og fjölbreytni með sköpun og virkni að leiðarljósi.

Sveitarfélögin á Vestfjörðum sameinast um þetta leiðarljós og setja sér sameiginleg markmið sem falla undir:

- Drífandi menningarsamfélag
- Skapandi fólk
- Öflugt menningarstarf

Við viljum að Vestfirðir séu:

- Landshlutu sterks staðaranda og lifandi menningararfs sem nýtist til listsköpunar, fræðslu og ferðaþjónustu.
- Svæði þar sem list og menningarstarfsemi eru virtar atvinnugreinar innan fjölbreyttra, öflugra samfélaga.
- Samfélag fjölbreytni og samveru, þar sem menningarstarf nær til allra hópa.





7.1 Drífandi menningarsamfélag

Menningarlíf á Vestfjörðum teygir sig djúpt í grásrót samfélaganna, þar sem frumkvæði, sköpunarkraftur og þátttaka íbúa er höfuðatriði. Á svæðinu hefur myndast rík hefð fyrir því að íbúar drífi áfram öflugt menningarstarf, skipuleggi viðburði og móti samfélagið út frá eigin brjósti. Þessi þátttaka skapar lifandi menningarlíf sem styrkir samkennd, sjálfsmynd og eykur gæði búsetu.

Drífandi þátttaka í menningu og félagsstarfi stuðlar að virkari samfélögum þar sem allir hafa rými til að láta ljós sitt skína og njóta menningar og lista heima í heraði. Til þess að svo megi verða þarf að tryggja menningaruppeldi barna og ungmenna, sem og aðgengi allra að fjölbreyttu menningarlífí og ólíkum listgreinum.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur eftirfarandi markmið um drífandi menningarsamfélag:

Markmið

- 7.1.1 Styðja við menningar- og félagsstarf sem byggist á frumkvæði og drifkrafti einstaklinga og þáttöku nærsamfélagsins.
- 7.1.2 Styrkja menningarlegt uppeldi og menningarstarfsemi barna og ungmenna.
- 7.1.3 Auka aðgengi að menningu og fjölbreyttu menningarlífí fyrir alla hópa.





Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|--|--|---|---|
| 7.1.1 Styðja við menningar- og félagsstarf sem byggist á frumkvædi og drifkrafti einstaklinga og þáttöku nærsamfélagsins. | <p>Styrkja menningarstarf sem byggist á þáttöku nærsamfélagsins.</p> <p>Einfalda styrkumsóknakerfi fyrir smærri menningarverkefni.</p> <p>Efla aðstöðu og möguleika hvers samfélags til menningarstarfsemi.</p> <p>Styrkja rekstrargrundvöll menningarhúsa og félagsheimila sem gegna lykilhlutverki í hverju samfélagi.</p> | Sóknaráætlun / Aðalskipulag Sóknaráætlun Menningarstefna / Aðalskipulag Aðalskipulag | Vestfjarðastofa./ Sveitarfélög Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa./ Sveitarfélög Sveitarfélög |
| 7.1.2 Styrkja menningarlegt uppeldi og menningarstarfsemi barna og ungmenna. | <p>Efla menningaruppledji barna og ungmenna með fjölbreyttum listgreinum og skapandi verkefnum í samstarfi við skóla, frístundastarf og menningarstofnanir.</p> <p>Stuðla að þáttöku barna og ungmenna í listsköpun og menningarviðburðum, með áherslu á að virkja fjölbreyttan hóp þátttakenda</p> | Menntastefna / Menningarstefna Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |
| 7.1.3 Auka aðgengi að menningu og fjölbreyttu menningarlíf fyrir alla | <p>þróa og styðja við menningarhátiðir og viðburði sem endurspeglar fjölbreytileika samfélagsins á Vestfjörðum.</p> <p>Tryggja aðgengi að menningarviðburðum og listsköpun, með áherslu á aðgengismál og ólíka aldurshópa.</p> | Sóknaráætlun Aðalskipulag | Vestfjarðastofa Sveitarfélög |



Skýringar við stefnu um drífandi menningarsamfélag

Maður er manns gaman

Í alda raðir hefur menningarlíf Vestfirðinga byggst á því að fólk skemmti sjálfu sér og sveitungum sínum. Á þessu framlagi fólks til samveru og skemmtunar byggist andi hvers staðar. Samfélagsbreytingar og nýir afþreyingarmöguleikar eru áskorun fyrir flest samfélög en það mun seint breytast að samfélagið byggist upp í kringum þáttöku og framlag hvers og eins þar sem ánægja og gleði fylgir því að vera í samvistum við aðra. Þátttaka í hvers kyns menningarstarfi dregur úr félagslegri einangrun og styrkir tengsl einstaklinga við nærumhverfi sitt.

Staðbundið menningarstarf dregur ekki alltaf að sér langt að komna gesti og brottflutta, en nauðsynlegt er að hafa í huga þýðingu þess fyrir íbúa og nærsamfélagið. Þess vegna er full ástæða til að gera staðbundnu menningarstarfi sem byggir á eldmóði og þáttöku íbúa hátt undir höfði. Til þess þarf að styrkja staðina þar sem menningarstarf fer fram og styðja við starfið sjálf.

Menningarlegt uppeldi

Börn sem alast upp við þáttöku í menningarstarfi öðlast gjarnan færni sem fylgir þeim til framtíðar og verða meðvitaðri um gildi sitt í samfélagini. Þessa hæfileika þarf að rækta og þroska og mikilvægt er að tryggja öllum börnum aðgang að listum og menningu á sínu svæði. Með því að veita börnum og unglendum tækifæri til þáttöku í listsköpun og menningarviðburðum styrkjum við sjálfsmýnd, víðsýni og félagsfærni. Á Vestfjörðum verði lögð áhersla á að menningaruppeldi nái til allra barna, óháð bakgrunni eða búsetu, m.a. með samstarfi við skóla, frístundastarf og menningarstofnanir.

Auðugt fjölmenningarsamfélag

Vestfirðir eru fjölmenningarsamfélag og fjölbreytileikinn speglast í menningarlifi svæðisins. Fjölmenningsháttíðir og fjölbreyttir viðburðir skapa vettvang fyrir samskipti og tengslamyndun, stuðla að skilningi milli hópa og auðga samfélagsgerðina. Mikilvægt er að tryggja að menningarnám, tjáning og aðgengi að listum nái til allra hópa samfélagsins, óháð aldri, uppruna eða búsetu.

Markvisst og meðvitað þarf að nái til þeirra sem eru nýaðfluttir, sérstaklega til þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli og eru að fóta sig á nýum slóðum. Nái samfélagið og menningarlífíð utan um alla íbúa, verður það ríkara fyrir vikið.

Menning er lifandi afl sem tekur stöðugum breytingum. Það er samfélagini til heilla að sem flestir íbúar taki þátt. Menningarstarfið þarf að taka áhuga og frumkvæði í samfélagini opnum örnum, óháð aldri þátttakenda eða fæðingarlandi.

Nánari upplýsingar um drífandi menningarsamfélags á Vestfjörðum er að finna í stöðumatsskýrslu svæðisskipulagsins



7.2 Skapandi fólk

Vestfirðir ala og laða að sér skapandi einstaklinga; listafólk, frumkvöðla og hugmyndasmíði. Styrkja má stöðu þessa hóps með aðstöðu, tengslaneti og viðurkenningu á menningu sem atvinnugrein. Bætt aðstaða og aukin tengsl við aðrar atvinnugreinar eru liður í að efla skapandi greina og styðja við listafólk og frumkvöðla sem hafa skapandi greinar að lífsviðurværi.

Markmið

Svæðisskipulag Vestfjarða setur eftirfarandi markmið um skapandi fólk:

- 7.2.1 Efla aðstöðu og stuðning við menningarstarf og skapandi greinar.
- 7.2.2 Laða að og styðja við skapandi fólk.
- 7.2.3 Styrkja staðaranda og skapandi nærumhverfi.





Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|---|--|--|---|
| 7.2.1 Efla aðstöðu og stuðning við skapandi greinar. | <p>Tryggja aðstöðu fyrir listsköpun og skapandi greinar í öllum byggðakjörnum.</p> <p>Styðja við starfsgrundvöll skapandi einstaklinga og listafólks.</p> <p>Styrkja sameiginlega markaðssetningu menningarlífssins á Vestfjörðum.</p> <p>Skapa tengsl milli skapandi greina, ferðabjónustu og atvinnulífs, m.a. með stuðningi við nýsköpun og verkefnaþróun.</p> | Aðalskipulag / Menningarstefna Atvinnustefna Menningarstefna Sóknaráætlun | Sveitarfélög / Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |
| 7.2.2 Laða að og styðja við skapandi fólk. | <p>Efla ímynd Vestfjarða sem svæðis þar sem listir og skapandi störf fá að blómstra.</p> <p>Bjóða listafólk samstarfsverttvang og aðstöðu í samvinnu við rannsóknar- og menntastofnanir.</p> <p>Efla gestavinnustofur lista- og fræðafólks sem víðast.</p> <p>Hvetja til samstarfs heimamanna og listafólks utan svæðis um verkefni sem byggja á staðbundinni þekkingu og menningararfí.</p> | Sóknaráætlun Sérverkefni Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |
| 7.2.3 Styrkja staðaranda og skapandi nærumhverfi. | <p>Efla sérkenni staða með áherslu á sögu, menningu og skapandi notkun almenningssýma.</p> <p>Styðja við verkefni sem nýta staðbundinn menningararf og einkenni svæðisins til listsköpunar, frásagnar og miðlunar.</p> <p>Stuðla að samvinnu íbúa, listafólks og hönnuða við móton staðarímyndar og sérstöðu samfélaga.</p> | Aðalskipulag Sóknaráætlun Aðalskipulag / Sóknaráætlun | Sveitarfélög Vestfjarðastofa Sveitarfélög / Vestfjarðastofa |



Skýringar við stefnu um skapandi fólk

Vestfirðir laða að sér skapandi einstaklinga; listafólk, frumkvöðla og hugmyndasmiði. Landslag, næði og þétt samfélagsnet bjóða upp á frjósaman jarðveg fyrir listsköpun og nýsköpun. Skapandi fólk setur svip sinn á samfélögini og knýr áfram aðgerðir sem gera þau að enn betri stöðum til að búa á.

Frá fornu fari hefur skapandi starf og handverk átt djúpar rætur á svæðinu, í sögnum, söng, matarmenningu og hefðum. Í dag birtist þessi arfur í öflugri grásrot, fjölbreytilegri safnastarfsemi og listahátíðum sem laða að bæði gesti og þátttakendur. Enn þarf að skerpa á því hugarfari að menning og skapandi greinar séu raunverulegar atvinnugreinar sem skipta verulegu máli.

Byggðarlög á Vestfjörðum hafa öll sín sérkenni: menningararf, frásagnir og lifandi hefðir sem skapa sterkan staðaranda. Þessi sérstaða er ekki aðeins hluti af sjálfsmynnd samfélaganna, heldur einnig verðmæt auðlind til sköpunar, miðlunar og nýsköpunar t.d. í ferðapjónustu og listum. Með því að virkja staðbundna þekkingu og leiða saman íbúa, listafólk og sérfræðinga skapast jarðvegur fyrir skapandi samfélög sem byggja á eigin styrkleikum.

Mikilvægt er að umhverfi íbúa styðji við þátttöku í menningarlifi, sköpun og félagslegum tengslum. Aðlaðandi almenningsrými, listaverk og tengsl við sögu og menningu svæðisins ýtir undir mannlíf og tengsl við nærumhverfið. Með því að hvetja til samstarfs listafólks, íbúa og sveitarfélaga um þróun slíkra rýma má efla ímynd og aðdráttarafl byggðarlaga.

Þrátt fyrir marga styrkleika eru áskoranir til staðar: Fáir listamenn starfa við list sína að fullu á Vestfjörðum og ungit listamenn snúa síður aftur að loknu námi. Mikilvægt er að tryggja að listsköpun hvíli ekki á fárra herðum og að aðgengi að aðstöðu, fjármögnun og samstarfi sé bætt. Með öflugri samvinnu og stuðningi má styðja við skapandi greinar og styrkja ímynd svæðisins sem heimili skapandi fólks.

Nánari upplýsingar um drífandi menningarsamfélags á Vestfjörðum er að finna í stöðumatsskýrslu svæðisskipulagsins



7.3 Öflugt menningarstarf

Menningarstarf á Vestfjörðum byggir á fjölbreyttum grunni og spannar allt frá starfsemi safna og menningarstofnana til bæjarhátiða, sýninga og skapandi verkefna.

Menningararfur og varðveisla menningarminja má nýta með margvíslegum hætti, til sýningar og miðlunar, en einnig í þróun nýrra verkefna. Söfn, hátíðir og menningarhús gegna lykilhlutverki í þessu samhengi. Áhersla er lögð á að efla samstarf, bæta aðgengi og tryggja að menningarstarf byggi á faglegum grunni sem endurspeglar sérstöðu svæðisins og bjónar framtíð þess.

Svæðisskipulag Vestfjarða setur eftirfarandi markmið um öflugt menningarlíf:

Markmið

- 7.3.1 Efla samvinnu í menningarstarfi.
- 7.3.2 Nýta menningararf og sérkenni svæðisins í skapandi verkefni og kynningu.
- 7.3.3 Styrkja stöðu safna og menningarstofnana.





Eftirfylgni

| Markmið | Leiðir | Eftirfylgni | Ábyrgð |
|---|--|---|--|
| 7.3.1 Efla samvinnu í menningarstarfi. | <p>Efla samstarf milli safna og setra, t.d. með sameiginlegu sýningarhaldi, safnapassa, miðlun og kynningu.</p> <p>Stuðla að samnýtingu aðstöðu og þekkingar milli safna og menningarstofnana og þróa sameiginlega lausnir til reksturs og geymslumála.</p> <p>þróa stafrænar lausnir fyrir kynningu, fræðslu og samvinnu safna og menningarstofnana.</p> | Menntastefna / Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa |
| 7.3.2 Nýta menningararf og sérkenni svæðisins í skapandi verkefni og kynningu. | <p>Styðja við verkefni sem nýta menningararf, staðbundna þekkingu og frásagnarhefðir í listum og ferðaþjónustu.</p> <p>Efla miðlun menningararfs á stafrænan hátt og tryggja aðgengi að upplýsingum um menningu og sögu svæðisins, sérstök áhersla verði lögð á efni í opnum aðgangi.</p> <p>Styðja við hótíðir sem efla bæjarbrag og styrkja ímynd Vestfjarða.</p> | Áfangastaðaáætlun Sérverkefni Sóknaráætlun | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Sveitarfélögin |
| 7.3.3 Styrkja stöðu safna og menningarstofnana. | <p>Styðja við faglega þróun safna, m.a. með samstarfi, menntun og aðgengi að sérfræðipekkingu.</p> <p>Efla sýnileika safna og hlutverk þeirra í menntun, ferðaþjónustu og samfélagslegri þróun.</p> <p>Styrkja faglega starfsemi menningarhúsa og að starfsemi þeirra tryggi aðgengi Vestfirðinga að ólíkum listgreinum.</p> <p>Að hvert hinna þriggja svæða Vestfjarða eignist skilgreint menningarhús.</p> | Menningarstefna Áfangastaðaáætlun Aðalskipulag / Sóknaráætlun Menningarstefna | Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa Sveitarfélögin / Vestfjarðastofa Vestfjarðastofa |



Skýringar við stefnu um öflugt menningarstarf

Söfn, sýningar og menningarsetur skipa mikilvægan sess í varðveislu, miðlun og nýtingu menningararfars. Á Vestfjörðum starfa fjölmörg söfn, þar af þrjú viðurkennd samkvæmt safnalögum. Önnur safnatengd starfsemi fellur oftar en ekki utan formlegra styrkjakerfa, þrátt fyrir fagleg vinnubrögð og samfélagslegt mikilvægi. Mikilvægt er að efla samstarf safna, þróa miðlun, endurskoða aðgengismál og tryggja að nýting menningararfars endurspegli bæði sérstöðu og framtíðarsýn svæðisins. Söfnin á svæðinu hafa gríðarlega mikilvægu starfi að gegna í ferðaþjónustu á svæðinu og tryggja þarf að þau geti þjónað ferðafólki á öllum árstínum. Það sama á við um vernd og miðlun menningarminja sem lyfta upp sögulegu landslagi og staðháttum.

Efla þarf sérstaklega miðlun upplýsinga í opnum og frjálsum aðgangi. Þar má sérstaklega nefna texta (Wikipedia), en einnig myndefni (Wikimedia Commons), innsetningu efnis í opna kortagrunna (Openstreetmap) og framsetningu opinna gagna. Opin og rétt stafræn gögn öðlast vængi, bæði í meðfórum manna og gervigreindar.

Ýmis hús á Vestfjörðum gegna hlutverki menningarhúsa; félagsheimili, safnbyggingar, bókasöfn og aðrir samkomustaðir. Með því að styrkja stoðir þessara rýma og skapa aukin not fyrir þau, má byggja upp menningarlíf sem er bæði aðgengilegt og fjölbreytt.

Ísafjörður er eini þéttbýliskjarninn sem er með skilgreind menningarhús: Safnahúsið, Edinborgarhúsið og Hamra. Tryggja þarf að þessi hús geti sinnt því faglega starfi sem þeim er ætlað. Í tilliti faglegs listastarfs á öðrum svæðum Vestfjarða væri mikið til unnið að þar væru skilgreind menningarhús fyrir listviðburði.

Bæjar- og menningarhátiðir gegna lykilhlutverki í lífi Vestfirðinga. Þær skapa sameiginlega upplifun, ýta undir þáttöku, styðja við sjálfsmynd svæða og veita gestum innsýn í menningu og sérkenni svæðisins. Stuðningur við þróun og nýsköpun hátíða og viðburða styrkir innviði menningarlífsins og eflir tengsl við ferðaþjónustu og atvinnulíf.

Nánari upplýsingar um öflugt menningarstarf á Vestfjörðum er að finna í stöðumatsskýrslu svæðisskipulagsins



8 Framfylgd

Svæðisskipulag Vestfjarða er stefnumarkandi áætlun sveitarfélaganna á Vestfjörðum um sameiginlega framtíðarsýn og forgangsröðun til næstu 25 ára. Til að ná fram markmiðum skipulagsins er mikilvægt að tryggja virka samvinnu, skýra ábyrgð, reglubundið mat á árangri og að samræmi sé við aðrar opinberar áætlanir.

Skipulagið er ekki aðgerðaáætlun í sjálfu sér, heldur leggur grunn að útfærslu í öðrum áætlunum, svo sem aðalskipulagi sveitarfélaga, sóknaráætlun landshlutans, innviðaáætlunum, áfangastaðaáætlun og fleiri stefnu- og framkvæmdaáætlunum. Stefna svæðisskipulags er sett fram með tilliti til næstu skrefa í áætlanagerð.

8.1 Samstarf og innleiðing

Skipulagsábyrgð liggur hjá einstökum sveitarstjórnum og þurfa öll aðildarsveitarfélög að gæta þess að innra samræmi sé milli skipulagsáætlana, þannig að t.d. aðalskipulag og deliskipulag séu í samræmi við stefnu svæðisskipulags.

Svæðisskipulagsnefnd verður starfandi í umboði sveitarstjórnar og mun fylgjast með framfylgd skipulagsins og annast breytingar á því, líkt og kveðið er á um í skipulagslögum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofa verða svæðisskipulagsnefnd til halds og trausts við framfylgd skipulagsins. Vestfjarðastofa gegnir einnig lykilhlutverki við innleiðingu skipulagsins í sameiginlegum aðgerðaráætlunum fyrir Vestfirði. Þær áætlanir eru meðal annars, en ekki eingöngu:

- Sóknaráætlun
- Áfangastaðaáætlun
- Úrgangsáætlun
- Innviðaáætlun
- Menntastefna
- Menningarstefna

Innleiðing svæðisskipulagsins krefst virks samtals við íbúa, stofnanir, atvinnulíf og hagsmunaðila. Lögð verður áhersla á reglulegt samtal við samfélagið og að svæðisskipulagið verði lifandi verkfæri í ákvarðanatöku.

8.2 Endurskoðun

Endurskoðun á svæðisskipulagi Vestfjarða er í samræmi við skipulagslög og verður í höndum svæðisskipulagsnefndar. Að loknum sveitarstjórnarkosningum skal svæðisskipulagsnefnd koma saman og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið. Skal sú ákvörðun m.a. taka mið af eftirfarandi:

- Hvort forsendur, þ.m.t. efnahagslegar, og samfélagslegar hafi breyst
- Hvort framfylgd svæðisskipulagsins hafi gengið eftir eins og að var stefnt.
- Hvort landsskipulagsstefna kalli á endurskoðun svæðisskipulagsins.

Ef niðurstaða svæðisskipulagsnefndar er að svæðisskipulagið þarfnið ekki endurskoðunar heldur stefna þess áfram gildi sínu. Tilkynna þarf Skipulagsstofnun um niðurstöðu svæðisskipulagsnefndar hvort endurskoða beri svæðisskipulag eigi síðar en 18 mánuðum eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar.



9 Umhverfismat

Gerð svæðisskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Að baki tillögu um svæðisskipulag liggur ítarleg vinna með íbúum á svæðinu. Unnið var með framtíðarmyndir, eða valkost, og niðurstaðan var framtíðarsýn sem miðar að jákvæðri atvinnuþróun, öflugri atvinnuupbyggingu og sterkum innviðum. Aðrar framtíðarmyndir byggðu á hægari vexti eða enn öflugri framþróun. Í framtíðarsýnni er vísað til hreinnar náttúru og kyrrðar, fjölbreytni til búsetu og atvinnu, vaxandi þekkingarsamfélags, traustra innviða, öflugrar þjónustu, atvinnulífs og menningu. Síðast en ekki síst er vísað til samheldni og virðingar í samfélaginu.

Við mat á umfangi áhrifa svæðisskipulags Vestfjarða á umhverfið er litið til opinberra viðmiða sem koma fram í stefnum og áætlunum og tekið er mið af þróun umhverfisþáttá án framkvæmda áætlunarinnar. Til viðmiðunar er horft til Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og stefnumörkun stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum.

Við endanlegt umhverfismat svæðisskipulag verður m.a. litið til athugasemda sem fram koma við vinnslutillögu. Hér er farið yfir helstu umhverfisþætti sem eru til skoðunar og líkleg áhrif framfylgdar þeirrar stefnu sem kynnt er í vinnslutillögu svæðisskipulags.





| Umhverfisþáttur | Líkleg áhrif svæðisskipulags |
|---|--|
| Byggðaþróun, byggðamynstur og atvinna  | <p>Líkleg áhrif svæðisskipulags Vestfjarða eru á heildina litið jákvæð á samfélag með sterkum áherslum á menntun, menningu, lýðheilsu og samfélagsauð sem getur styrkt lífsgæði og mannlíf Vestfjarða. Áhersla á trygga atvinnu, fjölbreytt atvinnutækifæri og örugga innviði, eins og samgöngur, orkukerfi og fjarskipti, eru grunnforsenda þess að svæðið verði eftirsótt til búsetu.</p> <p>Sýn á atvinnuþróun byggir á sterkum stoðum atvinnugreina sem fyrir eru á svæðinu og er samofin samfélagsábyrgð og náttúruvernd. Sjávarútvegur, ferðaþjónusta og nýsköpun eru þar í aðalhlutverki. Fjallað er um hindranir sem atvinnulífið glímir við líkt og veika innviði og aðgengi að menntun sem hamlar samkeppnishæfni atvinnulífs.</p> |
| Sjálfbærar borgir og samfélög  | <p>Neikvæð áhrif geta falist í ójafnvægi í nýtingu auðlinda, á lagi á náttúru og skert umhverfisgæði. Byggingarland er takmarkað og mikilvægt að vanda til verka við þróun byggðar. Skipulag atvinnustarfsemi og skilyrði sem henni eru sett þurfa að lágmarka álag á náttúru.</p> |
| Samgöngur og aðrir innviðir  | <p>Áhersla á styrkingu innviða er jákvæð enda brýnt verkefni á Vestfjörðum að bæta öryggi og tengja byggðirnar. Í svæðisskipulagi er lög áhersla á að skýra sýn á þróun samgangna og forgangsröðun framkvæmda. Styrking raforkukerfis er lykilþáttur til að auka orkuöryggi og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Aukin vinnsla raforku og jarðhita á svæðinu, sem og bætt tenging við meginflutningsnet Landsnets, er nauðsynleg til að ná þessum markmiðum.</p> |
| Nýsköpun og uppbygging  | <p>Neikvæð áhrif eru umhverfisáhrif framkvæmda sem innviðastyrking kallar á. Til að lágmarka þau skal fara fram umhverfismat og í hverju tilviki leita bestu leiða við útfærslu uppbyggingsar.</p> |



| Umhverfisþáttur | Líkleg áhrif svæðissipulags |
|---|--|
| Náttúrufar, vatnafar og lífríki - Landslag og ásýnd Lífríki á landi Hreint vatt og hreinlætisaðstaða | <p>Á Vestfjörðum býr fólk í mikilli nálægð við náttúru sem er eitt helsta aðdráttarafl svæðisins fyrir íbúa og gesti. Svæðið hefur þá sérstöðu að víðáttumikil landsvæði eru lítt snortin. Áhersla í svæðisskipulagi um bætt aðgengi og tengingu lykilsvæða er líklegt til að auka þekkingu fólks á náttúrunni og hafa jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn. Lagðar eru fram tillögur að frekari verndarsvæðum og þjóðgarði. Markmið er um að gefa landslagi vægi með aukinni þekkingu og með því að lágmarka sjónræn áhrif mannvirkja.</p> <p>Uppbygging mannvirkja og nýtingu auðlinda, s.s. fiskveiðar, fiskeldi og vinnsla jarðefna getur haft neikvæð áhrif og valdið álagi á náttúru. Ferðaþjónustan getur farið yfir þolmörk viðkvæmra svæða, hvort sem þau njóta verndar eða ekki. Í svæðisskipulagi er tekið á þessu með sýn á að náttúru þannig að jafnvægi sé milli nýtingar og verndar, sérstaklega varðandi orkuöflun.</p> |
| Menningarminjar Sjálfbærar borgir og samfélög | <p>Umfjöllun um menningarminjar í svæðisskipulagi snýr annars vegar að úttekt og aðgerðaráætlun vegna sjávarrofs og náttúrvárá og hins vegar varðandi menningarminjar með náttúruminjum og þjóðgarði. Þessi þættir eru til þess fallnir að auka þekkingu á menningarminjum og vernd þeirra og hafa jákvæð áhrif á umhverfisþáttinn.</p> <p>Aukin umsvif á svæðinu geta valdið ágangi á minjar á áður lítt snertum svæðum og vegna framkvæmda. Vinna þarf eftir lögum um menningarminjar, m.a. kortleggja minjar á svæðum þar sem framkvæmdir verða til að lágmarka neikvæð áhrif.</p> |
| Heilsa og öryggi Sjálfbærar borgir og samfélög | <p>Áherslur á lýðheilsu, bæði heilbrigðispjónustu sem og fyrirbyggjandi aðgerðir og heilbrigtr lífneri, hafa jákvæð áhrif á heilsu og öryggi íbúa á svæðinu. Bættar samgöngur og efling almenningssamgangna stuðla að auknu umferðaröryggi. Öryggi felst einnig í að hafa trygga orku og fjarskipti.</p> <p>Í samfélögum í hröðum vexti þarf að huga að öryggi í byggingageira og öðrum atvinnugreinum, t.d. sjósókn, öryggi ferðamanna og öryggi í útivist, til að lágmarka neikvæð áhrif.</p> |



| Umhverfisþáttur | Líkleg áhrif svæðissipulags |
|---|---|
| Loftslagsmál  Sjálfbær orka  Aðgerðir í loftslagsmálum | <p>Sett er fram metnaðarfullt markmið um kolefnishlutleysi í skipulaginu. Orkuskipti á landi og sjó eru lykilþáttur til að minnka svæðisbundna losun gróðurhúsalofttegunda. Bætt orkuöryggi og endurnýjanlegir orkugjafar draga úr losun gróðurhúsalofttegunda við orkuvinnslu, en Vestfirðir hafa þá sérstöðu að grípa þarf til brennslu á olíu til húshitunar, þegar skerðingar verða á raforku. Sterkir þéttbýliskjarnar, styrking almenningssamgangna og öflug nærbjónusta dregur úr ferðabörf og losun tengda samgöngum.</p> <p>Öflugur vöxtur atvinnulífs og íbúafjölgun kalla á aukin umsvif og landnotkun sem veldur aukinni losun gróðurhúsalofttegunda. Losun frá landi getur aukist vegna uppbyggingar húsnæðis og innviða. Auknum umsvifum fylgir aukin umferð, neysla og úrgangur, sem allt getur aukið losun gróðurhúsalofttegunda á svæðinu. Rekstur atvinnustarfsemi getur aukið losun gróðurhúsalofttegunda og þarf að skoða hvort tilvik fyrir sig til að lágmarka losun.</p> |
| Náttúrvá  Aðgerðir í loftslagsmálum | <p>Í skipulaginu er sett fram markmið um að styrkja samfélagið gagnvart náttúrvá og afleiðingum loftslagsbreytinga. Fram kemur að börf er á úttektum og hættumati og vinna þarf aðgerðaráætlanir og nýta tiltækar lausnir til að milda áhrif breytinga. Horfa þarf til áhrifa á byggð, menningarminjar og auðlindir líkt og vatnsból.</p> <p>Framkvæmdum við varnir, svo sem varnargarða vegna ofanflóða eða ágangs sjávar, geta haft neikvæð umhverfisáhrif. Skoða þarf leiðir til að lágmarka neikvæð áhrif og nýta umhverfismat til að finna bestu leiðir</p> |